



Ársskýrsla 2017

Héraðssamband Vestfirðinga

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Stjórnarfundir HSV	9
Formannafundir	10
Afreksmannasjóður HSV	10
Styrktarsjóður þjálfara HSV	12
Verkefnasamningur	12
Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar	13
Aðalfundir félaganna	14
Samstarfsverkefni	14
Landsmót UMFÍ	16
Unglingalandsmót	16
Landsmót 50+	17
Landsmót UMFÍ	17
Ýmsar upplýsingar	18
Lög HSV	18
Forvarnarstefna HSV	21
Siðareglur Héraðssambands Vestfirðinga	23
Jafnréttisstefna HSV	26
Úthlutunarreglur íbúða HSV	27
Aðildarfélög og formenn félaga í lok árs 2017	28
Heiðursviðurkenningar HSV	28
Félaga- og iðkendatal HSV 2017	31
Skipting rekstrar, lottó og getraunartekjum aðildarfélaga HSV	31
Íþróttamaður Ísafjarðar og Ísafjarðarbæjar frá upphafi	32
Ferðasjóður ÍSÍ	33
Skýrslur aðildarfélaga HSV	34
Golfklúbbur Ísafjarðar	34
Íþróttafélagið Ívar	39
Stefnir	41

Ársskýrsla2017

Kubbi - Íþróttafélag eldri borgara á Ísfirði	45
Skotíþróttafélag Ísafjarðar	48
Vestri Íþróttafélag	50
Aðalstjórn.....	50
Inngangur	50
Körfuknattleiksdeild Vestra	53
Blakdeild Vestra.....	63
Knattspyrnudeild Vestra.....	66
Skíðafélag Ísfirðinga.....	70
Fossavatnsgangan	72

Ávarp formanns

Þingforseti, fulltrúi UMFÍ og ÍSÍ, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, sveitarsjóri Súðavíkur, aðrir gestir og ágætu félagar aðildarfélaga HSV. Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á 18. ársþing HSV.

Eins og öll önnur starfsár héraðssambandsins hefur verið mikið að gera og okkar íþróttafólk farið um víðan völl og unnið stóra sigra og smáa.

Sveitafélögin okkar tvö, Ísafjarðarbær og Súðavík, eru okkar stoð og stytta og án þeirra getum við ekki haldið áfram okkar framþróun fyrir samfélagið í heild sem hefur mikla þýðingu. Um síðustu áramót skrifuðum við undir nýjan samstarfssamning við Ísafjarðarbæ og með honum gátum við styrkt okkar stöðu sem héraðssamband með framkvæmdarstjóra í 75 % starfi. Það er mikil vinna sem framkvæmdarstjóri þarf að inna af hendi og í draumaheimi þá værum við með starfsmann í 100% stöðu. Þó svo að samningurinn við Ísafjarðarbæ hafi verið finnst þá má alltaf gera betur og nú er það nýr formaður sem fær það verkefni ásamt framkvæmdarstjóra.

Núna er svo komið að það er ekki lengur hægt að bíða eftir fjölnotaíþróttahúsi. Það er ekki hægt að bjóða knattspyrnuíðkendum upp á það að æfa á parketi lungan úr árinu. Þetta hefur áhrif á getu leikmanna og ef þetta verður svona áfram þá má segja að framtíð fótboltans sé í húfi.

Í vetur kom nýtt gólf í íþróttahúsið á Torfnesi og tókst það vel til, eftir langan biðtíma varð þetta loks að veruleika og flestir sáttir.

Frístundarútan hefur verið vel nýtt og vona ég að núna muni bætast fleiri staðir. Við erum með iðkendur á fjörðunum í kring og þau þurfa að komast á Ísafjörð og Bolungarvík nú eða að við getum nýtt húsin enn betur ef rútan færir á fleiri staði. Við viljum þakka Ísafjarðarbæ og Bolungarvíkurkaupstað fyrir þeirra framlag og það hefur komið berlega í ljós að þetta er komið til að vera.

Á hverju ári eru haldin íþróttamót hérna á svæðinu. Má meðal annars nefna handboltamót sem Hörður heldur hér í lok apríl þar sem drengir í 5. flokki koma og spila heila helgi, einnig eru haldin hér blakmót og körfuboltamót. Með fjölnota íþróttahúsi gætum við líka haldið knattspyrnumót. Við eigum eitthvað í land með að geta haldið sundmót en hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér. Síðast en klárlega ekki síst eru öll skíðamótin sem haldin hér á hverju ári. Þar trónir á toppnum Fossavatnsgangan sem er eitt af elstu mótum á landinu.

Stjórn ásamt framkvæmdastjóra vann á árinu að hinum ýmsu verkefnum. Haldnir voru 11 stjórnarfundir og fjölmargir aðrir minni fundir í hinum ýmsu nefndum og með aðildarfélögum. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim sem komu að starfsemi HSV á

árinu, stjórn, framkvæmdastjóra, yfirþjálfara Íþróttaskóla HSV og öðrum velunnurum sambandsins fyrir góð og vel unnin störf.

Íþróttaskóli HSV

Íþróttaskóli HSV er löngu orðinn fastur punktur í starfsemi okkar og frábært að sjá alla þessa krakka taka þátt í þessu flotta starfi. Við viljum gera betur á fjörðunum og höfum leitað margra leiða til að manna þar þjálfara. Betur má ef duga skal og ég bind vonir við það að það muni takast næsta. Núna í vetur var Grettir á Flateyri með gönguskíðaæfingar í samstarfi við Íþróttaskólann. Það frumkvæði sem kemur frá þeim félögum sem eru innan HSV er aðdáunarvert og það viljum við sjá. Við viljum hafa skólann í stöðugri þróun og við viljum líka fá að vita hvernig foreldrum líkar við þjónustuna og ekki síst hvernig börnunum líður, því þetta er jú fyrir þau gert. Nýlega var gerð viðhorfskönnun meðal foreldra til að kanna viðhorf þeirra til skólans. Niðurstöðurnar komu okkur ekki á óvart, það er almenn ánægja með skólann og foreldrar vilja sjá hann áfram. Auðvitað má alltaf gera breytingar og eftir að hafa haldið fund með þjálfurum og stjórnarmönnum þá verður farið yfir verkferla og fleira.

Við viljum að öll börn á Íþróttaskólaaldri skili sér inn til okkar. Allar rannsóknir sýna að börn sem iðka sem flestar íþróttagreinar langt fram eftir aldri skili sér í betri íþróttamanni síðar meir.

Rekstur HSV

Ársreikningur HSV fyrir 2017 sýnir að rekstur sambandsins er mjög viðkvæmur og ekki má mikið útaf bregða. Það er ljóst að vel þarfa að halda á spöðunum til að allt gangi upp. Inn í samstarfssamningi HSV og Ísafjarðarbæjar er kveðið á um að Ísafjarðarbær leggi HSV til íbúðastyrk í formi afnota af fimm íbúðum Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. Þessar íbúðir hafa verið í Múlalandi og í Hnífsdal og það er ekkert of stórt til orða tekið ef við segjum bara að þetta sé lífsnauðsynlegt fyrir félögin hér á svæðinu. Mörg félög hafa átt í erfiðleikum með að manna þjálfarastöður sínar en að hafa aðgang að íbúð gerir hlutina auðveldari í samningarviðræðum við þjálfara um að koma vestur. Nú er staða íbúðamála í bænum hinsvegar sú að framboð virðist minna en eftirspurn og ásókn hefur aukist í íbúðir hjá bænum. Það er því brýnt að minna á úthlutunarreglur HSV þar sem brýnt er að þjálfarar á barna- og unglingastigi eru í forgangi fyrir íbúðir.

Skýrsluskil aðildarfélaga

Þriðja þingið í röð liggur frammi í tölvutæku formi ársskýrsla HSV þar sem gert er grein fyrir starfsemi HSV og aðildarfélaga þess og sýnir hún hversu umfangsmikið og gott starf er að finna hjá aðildarfélögum. Því miður vantar skýrslur frá nokkrum aðildarfélögum en þær hafa ekki borist til HSV. Rétt er að minna á breytingu á á 5. grein laga HSV er samþykkt var 2016. Þar er kveðið á um að skila þurfi starfsskýrslu til HSV fyrir 15. apríl þar sem fram kemur félagatal, iðkendatal og ársreikningar. Þessari starfsskýrslu er skilað gegnum Felix skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ. Einnig eiga

aðildarfélög að skila ársskýrslum til HSV að loknum aðalfundum sínum eða eigi síðar en 31. maí. Ársskýrslur skulu innihalda skýrslu stjórnar með árituðum ársreikningi. Það er aldrei of oft ítrekað að skil á starfsskýrslum og ársskýrslum er grundavallar atriði í starfi íþróttafélaga og algjört skilyrði til að félög geti haldið áfram að þiggja opinbert fé. Rekstrarstyrkir frá Ísafjarðarbæ og lottótekjur eru náttúrulega ekkert annað en opinbert fé. Og það er ábyrgðarhluti að þiggja opinbert fé. Í 5. grein laga HSV kemur einnig fram að verði vanhöld á skýrsluskilum er HSV heimilt að halda eftir styrkjum til viðkomandi félags. Geri viðkomandi félag ekki skil á ársskýrslum á réttum tíma tvö ár í röð hefur stjórn HSV heimild til að taka viðkomandi félag af úthlutunarlista. Fyrir þingi núna liggur tillaga stjórnar um að ársþing HSV geti tekið ákvörðun um að vísa þeim félögum úr sambandinu. Slík ákvæði eru í lögum flestra stærstu héraðssambanda og íþróttabandalaga landsins og hefur HSV borist ábending um að bæta útvisunarákvæði í lög sambandsins. HSV fær og útdeilir til sinna aðildarfélaga tugum milljóna af almannafé og er það skýr krafa samfélagsins, ÍSÍ, UMFÍ og Ísafjarðarbæjar að hjá aðildarfélögum sé unnið eftir lögum og reglum og að bókhaldi og skýrslugerð sé sinnt.

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2017 var kjörinn í janúar síðastliðnum. Að þessu vinni var það gönguskíðamaðurinn Albert Jónsson. Albert var vel að þessum titli kominn og það hefur verið gaman að fylgjast með honum undanfarin ár. Ég er sannfærð um að hann muni ná langt og hef ég trú á því að við munum sjá hann á stórmótum framtíðarinnar. Óska ég þessum unga og frábæra íþróttamanni til hamingju með þennan titil. Afreksfólk í íþróttum er nauðsynlegur hvati fyrir ungu kynslóðina og þau eru fyrirmyndirnar sem horft er til. Það fylgir því ábyrgð að vera fyrirmynd og það er ánægjulegt að sjá þennan unga og glæsilega íþróttamann koma fram sem góð fyrirmynd fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.

Afreksstefna HSV

Staða afreksmanna hjá HSV hefur verið óbreytt undanfarin ár en núna verður breyting á. Stjórn afreksmannassjóðs mun í dag skrifa undir samninga við íþróttafólk sem ætla sér langt í sinni grein og með þessum samningum munum við ná að hjálpa þeim enn frekar. Innan vébanda HSV er mikið af afreksfólki og er það vel, við erum með fjölda ungra íþróttamanna á svæðinu sem hafa verið valin í landsliðsúrtök. Sum hver hafa svo náð það langt að vera fastir menn á landsliðsæfingu og svo hafa enn aðrir fengið tækifæri til þess að keppa fyrir landslið sinnar íþróttagreinar. Þennan hóp viljum við styrkja og efla.

Ferðakostnaður

Ferðasjóður ÍSÍ hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir aðildarfélög HSV og hafa þau verið dugleg að sækja í sjóðinn. Mjög mikilvægt er að öll félög sendi inn í ferðasjóðinn fyrir þann ferðakostnað sem styrkhæfur er. Íþróttafélögin í landinu geta með þessu móti sýnt

fram á það hversu mikill kostnaður er fólgin í ferðalögum og hversu brýnt er að hann verði efldur til mikilla muna. Fjöldi ferða í umsóknum aðildarfélaga HSV voru 142 talsins. Til úthlutunar úr Ferðasjóði ÍSÍ voru 127 milljónir króna. HSV fékk í sinn hlut 8,02 % af heildarpottinum eða kr. 10.191.688. Samsvarandi tölur fyrir HSV árið 2016 eru 5,87% og kr. 5.692.603.

UMFÍ

Starfsárið 2017 fóru þátttakendur frá HSV á bæði landsmót 50+ í Hveragerði og unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum. Keppendur HSV á unglingalandsmóti voru heldur fáir þetta árið líkt og undanfarin ár. Mikilvægt er að við mætum vel á unglingalandsmót og þurfum við að finna leiðir til að auka þátttöku okkar krakka. Unglingalandsmót er fjölskylduskemmtun án allra vímuefna og er góður kostur fyrir fjölskyldur og börn þeirra ef gera á verslunarmannahelgina skemmtilega og minnisstæða. Eftir talsverða yfirlegu þá ætlum við í HSV að sækja um Unglingalandsmót UMFÍ 2021. Það er okkar von að með minni áherslu á keppni og meira áherslu á gleði, samveru og gaman þá höfði þetta mót til allra.

Á ársþingi UMFÍ sem haldið var í Hallormsstað í október var eitt mál sem stóð uppúr. Það var innganga íþróttabandalaga í UMFÍ. Við stóðum upp ásamt öðrum héraðssamböndum og gerðum athugasemdir og ekki það að við vildum ekki fá íþróttabandalögin inn heldur höfðum við áhyggjur af fjármunum til hvers héraðssambands. Einnig fannst okkur mögulega byrjað á röngum enda – frekar að finna leiðir til að sameina ÍSÍ og UMFÍ, eða bara hreinlega að leyfa íþróttafélögunum að vera með í öllu saman án þess að vera að nefna peninga. Tillagan var felld og urðu mikil læti á þinginu sem varð til þess að önnur tillaga var flutt þess efnis að haldinn yrði aukaðing til að ræða þetta enn frekar. Staðan er þannig núna að nefndin sem var að störfum hefur verið falið að vinna áfram og fleiri hafa komið inn í hana og þar á meðal ég.

ÍSÍ og UMFÍ

Sýnum karakter er flott verkefni sem hefur verið unnið bæði innan ÍSÍ og UMFÍ. Þetta er átaksverkefni um þjálfun sárænnar og félagsslegrar færni barna og ungmenna í íþróttum. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á að hægt sé að þjálfar og styrkja sálræna og félagslega færni iðkenda eins og líkamlega færni. Markhópur verkefnisins er fyrst og fremst þjálfara barna og ungmenna í íþróttum. Það er von allra sem að verkefninu koma að það muni hjálpa þjálfurum og fleirum til að tileinka sér aðferðir og leiðir til markvissrar þjálfunar karakters ungu kynslóðarinnar.

Í Mennta- og menningamálaráðuneytinu er starfshópur að störfum og í honum eru meðal annars fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ. . Starfshópnum var falið að samræma verklag og fræðslu innan íþróttahreyfingarinnar og einnig um gerð aðgerðaráætlunar um hvernig eigi að bregðast við kynbundinni áreitni innan hennar. Eins og við öll vitum þá er vægast sagt hræðilegt það sem við höfum fengið að hlusta á undanfarna mánuði. Þessi

starfshópur mun vonandi skila af sér á allra næstu dögum. Við höfum beðið eftir niðurstöðum og þær verða vonandi á þann hátt að við fáum leiðir og verkferla til að vinna eftir í erfiðum málum sem upp geta komið. Við eigum ekki að líða neitt ofbeldi og það er mikilvægt að fræða þolendur, gerendur og alla aðila í þessum málafllokki.

Styrkur frá 3X

Í desember 2017 veitti fyrirtækið Skaginn3X HSV styrk. Stuðningurinn var veittur í nafni starfsmanna fyrirtækjanna og er ætlað að bæta barna- og unglingastarf íþróttahreyfinganna árið 2018. Þar sem barna- og unglingastarf er langtímaverkefni gefa fyrirtækin jafnframt fyrirheit um sambærilegan stuðning, að ári, fyrir árið 2019. Styrkupp hæðin var kr. 1.500.000. auglýst var eftir styrkhæfum verkefnum hjá aðildarfélögum HSV og bárust 11 umsóknir frá 8 félögum. Öll verkefnin fengu úthlutað styrkjum frá kr. 50.000 til 300.000. Þakkar HSV fyrir þennan styrk til barna- og unglingastarfs og hlakkar til frekara samstarfs við 3X

Lokaorð

Núna er komið að leiðarlokum, ég hef verið formaður undanfarin fjögur ár og þau hafa verið mjög skemmtileg og að mínu mati höfum við ná miklu fram. Það má alltaf gera betur og núna legg ég það í hendurnar á nýjum formanni. Það sem er mér efst í huga núna er hvað við erum flott heild og það er hugur í vestfirsku íþróttalífi eða ætti ég kannski að segja vor. Ég hef trú á því að á komandi árum og með bættri aðstöðu til iðkunnar þá munum við sjá stærri og stærri sigra hérna á hjara veraldar eins og margir telja þennan stað vera. Ég hlakka til að starfa áfram innan hreyfingarinnar – ekki sem formaður - heldur sem foreldri.

Ég vil þakka sérstaklega öllum þeim sem hafa með einum eða öðrum hætti komið að starfsemi aðildarfélaga HSV, án ykkar er þetta starf ekki mögulegt og ég ásamt öllum hérna inni viljum sjá starfið eflast enn frekar. Ég vil sérstaklega þakka Siggu Láru fyrir frábært samstarf og án hennar væri HSV ekki eins flott og raun ber vitni. Siggja Lára er frábær framkvæmdarstjóri og vinnur sitt starf vel. Einnig vil ég þakka Salome yfirþjálfara íþróttaskólans fyrir gott samstarf, hún er að vinna flott starf. Einnig vil ég þakka stjórn HSV fyrir gott samstarf undanfarin fjögur ár, það er gaman að vinna með fólki sem vill hreyfingunni vel og leggur sig fram til að gera enn betur.

Það er Ívar íþróttafélag sem sér um veitingarnar að þessu sinni og ég veit að við verðum ekki svikin af þeim.

Guðný Stefanía Stefánsdóttir formaður HSV

Stjórnarfundir HSV

Á 17. héraðsþingi HSV sem haldið var í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði 23. maí 2017 var stjórn sambandsins endurkjörin. Þar fóru einnig fram formannskosningar og var Guðný Stefanía Stefánsdóttir endurkjörin formaður sambandsins. Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi.

Stjórn HSV starfsárið 2017-2018:

Guðný Stefanía Stefánsdóttir, formaður

Hildur Elísabet Pétursdóttir varaformaður

Karl Ásgeirsson, gjaldkeri

Ingi Björn Guðnason, ritari

Páll Janus Þórðarson, meðstjórnandi

Varastjórn skipa:

Elín Marta Eiríksdóttir

Elísa Stefánsdóttir

Heimir Hansson

Stjórnarfundir voru 11 á árinu og er hægt að sjá hér fyrir neðan upplýsingar um dagsetningar og mætingar á fundina. Varastjórn er ávalt boðuð á alla fundi.

	7/6	16/6	23/8	4/10	13/11	4/12	8/1	22/2	16/4	30/4	7/5
Guðný	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Karl	X	X	X	X	X		X	X	X		X
Ingi Björn	X	X	X	X	X	X	X	X		X	X
Hildur Elísabet		X		X	X	X	X	X	X		X
Páll Janus					X	X				X	
Elín	X										
Elísa				X	X	X				X	X
Heimir				X		X	X		X	X	

Formannafundir

Á starfsárinu voru haldnir þrír formannafundir. Formannafundir eru æðsta vald HSV milli ársþinga og þar eru teknar allar mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðanir hjá HSV á milli þinga.

Afreksmannasjóður HSV

Stjórn afreksmannasjóðs HSV var kosin á stjórnarfundum HSV. Stjórn sjóðsins skipa Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Stefanía Ásmundsdóttir og Jakob Einar Jakobsson.

Á ársþingi 2017 var gerð breyting á reglugerð sjóðsins og verður nú úthlutun úr sjóðnum þannig að gerðir verða samningar við afreksíþróttamenn til að minnsta kosti eins árs um mánaðarlegar greiðslur. Einnig er mögulegt að sækja um einstaka styrki eins og verið hefur. Einungis var auglýst eftir styrkjum einu sinni á síðasta ári. Niðurstaðan var að veita 11 afreksmönnum frá þremur félögum stakan styrk. Heildarupphæð var kr. 1.130.000.

Úthlutanir úr Afreksmannasjóði HSV 2017		
Umsækjandi	Félag	Upphæð
Kristín Þorsteinsdóttir	Ívar	150.000
Kolfinna Íris Rúnarsdóttir	Skíðafélag Ísfirðinga	140.000
Jakob Daníelsson	Skíðafélag Ísfirðinga	140.000
Solveig María Hallvarðsd. Aspelund	Skíðafélag Ísfirðinga	140.000
Dagur Benediktsson	Skíðafélag Ísfirðinga	80.000
Sigurður Arnar Hannesson	Skíðafélag Ísfirðinga	80.000
Hafsteinn Sigurðsson	Vestri	80.000
Kjartan Óli Kristinsson	Vestri	80.000
Hugi Hallgrímsson	Vestri	80.000
Hilmir Hallgrímsson	Vestri	80.000
Birkir Eydal	Vestri	80.000

Ársskýrsla 2017

Einnig var ákveðið að gera samning fyrir árið 2018 við fjóra afreksmenn. Heildar upphæð er kr. 1.260.000:

Nafn	Félag	Mánaðaleg upphæð	Árið 2018
Albert Jónsson	Skíðafélag Ísfirðinga	40.000	480.000
Anna María Daníelsdóttir	Skíðafélag Ísfirðinga	30.000	360.000
Auður Líf Benediktsdóttir	Vestra	20.000	240.000
Þórður Gunnar Hafsteinsson	Vestra	15.000	180.000

Í samningunum sem gerðir eru við afreksmennina eru gerðar kröfur til þeirra um að:

- Stunda íþrótt sína af dugnaði og samviskusemi.
- Vera virkur iðkandi í aðildarfélagi HSV.
- Vera vímuefnalaus íþróttamaður/íþróttakona.
- Geta tileinkað sér hugarfar og lífsstíl afreksíþróttar.
- Vera góð fyrirmynd fyrir aðra íþróttamenn.
- Koma fram á vegum HSV ef því verður viðkomið.
- Gæta þess að öll framkoma hans og talsmáti séu sæmandi og til framdráttar jákvæðri ímynd hans sjálfs og annara iðkenda HSV. Þetta gildir einnig um notkun styrkþega á samfélagsmiðlum s.s. Facebook, Twitter, Instagram o.þ.h. þar með talið að gæta að myndbirtingum.
- Hlíta reglum ÍSÍ um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan. Gerist styrkþegi brotlegur gegn þessum reglum getur stjórn sjóðsins stöðvað greiðslur til styrkþega og jafnvel krafist endurgreiðslu styrksins.

Ný reglugerð undirstrikar að HSV vill sjá unga og efnilega afreksmenn og konur vaxa og dafna áður en þau halda áfram á stærra svið. Aukið utanumhald og stefnumörkun, aukin áhersla á markmið og markviss.

Styrktarsjóður þjálfara HSV

Stjórn styrktarsjóðs þjálfara HSV var kosin af stjórn HSV. Stjórn sjóðsins skipa Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Jóhann Torfason og Stefanía Ásmundsdóttir. Samkvæmt samstarfssamningi við Ísafjarðarbæ greiðast 555.000 kr. í sjóðinn ár hvert. Árið 2017 var úthlutað úr sjóðnum kr. 334727.

Úthlutanir úr styrktarsjóð þjálfara HSV		
félag		upphæð
Vestri knattspyrnudeild	Námskeið fyrir þjálfara yngri flokka	291.727
Vestri körfuknattleiksdeild	Þátttaka tveggja þjálfara á þjálfaranámskeiðum	43.000

Verkefnasamningur

Verkefnasamningur HSV og Ísafjarðarbæjar hefur gengið vel eftir. Félögin sinna sínum verkefnum almennt af kostgæfni og samvirkusemi. Mikil ánægja er með verkefnasamninginn þó svo að erfitt geti verið að hafa fullt samhengi með tímavinnu og peningum. Stjórn HSV reynir að vinna það af eins mikilli sanngirni og stjórnin mögulega getur og telur rétt. Það eru margir þættir og margar breytur sem hafa ber í huga þegar verkefnum er útdelt og er iðkenda fjöldi yngri en 18 ára helsta breytan þó svo að einnig fari það eftir verkefnum, aðstæðum, staðsetning verkanna, hefðum og fleira. Verkefnasamningurinn gerir félögunum kleift að fá frekara fjármagn inn í félagið og ætti það að leiða af sér að félagið geti boðið upp á betri þjónustu til iðkenda sinna.

Er það von HSV að Ísafjarðarbær telji þetta góðan vettvang til að koma verkefnum sínum í framkvæmd og samningurinn muni vaxa á komandi árum. Er það trú okkar að það sé hagur beggja aðila samningsins ekki síst Ísafjarðarbæjar sem fær verkin mjög vel unnin.

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2017 var kjörinn við hátíðlega athöfn þann 21. janúar síðastliðinn. Albert Jónsson gönguskíðamaður í skíðafélagi Ísfirðinga var útnefndur íþróttamaður Ísafjarðarbæjar. Albert Jónsson er afburða íþróttamaður sem leggur mikið á sig fyrir íþrótt sína og uppsker í samræmi við það. Í skíðasamfélaginu er hann orðlagður fyrir einstaka samvirkusemi og dugnað við æfingar. Hann setur sér háleit og krefjandi markmið og vinnur skipulega að því að ná þeim. Þegar á móti blæs gefst hann ekki upp heldur notar reynsluna til að læra af henni og ýta undir frekari framfarir. Þessi eljusemi hefur nú skilað honum sæti í A-landsliði Íslands í skíðagöngu.

Níu tilnefningar bárust frá íþróttafélögum og voru eftirfarandi tilnefndir;

Albert Jónsson (Skíðafélagi Ísfirðinga)
Auður Líf Benediksdóttir (Vestri blakdeild)
Axel Sveinsson (Knattspyrnudeild Harðar)
Daði Freyr Arnarsson (Vestri knattspyrnudeild)
Daniel Wale Adeleye (Handboltadeild Harðar)
Einar Torfi Torfason (Glímudeild Harðar)
Kristín Þorsteinsdóttir (Ívar)
Leifur Bremnes (skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar)
Nebojsa Knezevic (Vestri körfuknattleiksdeild)
Stefán Óli Magnússon (Golfklúbbi Ísafjarðar)

Efnilegasti íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2017 var útnefndur Þórður Gunnar Hafþórsson knattspyrnumaður hjá Vestra. Þórður er duglegur og hæfileikaríkur leikmaður sem átti fast sæti í meistarflokksliði Vestra í sumar aðeins 15 ára gamall. Hann var valinn í úrtakshóp fyrir U17 ára landslið og síðar í lokahóp U17 ára landsliðs Íslands. Þórður fór á árinu með U17 ára landsliðinu á Norðurlandamót þar sem hann spilaði sína fyrstu landsleiki og síðar í undankeppni EM þar sem hann spilaði einnig landsleiki. Í desember var hann enn valinn í U17 ára hópinn. Ótrúlegur árangur þar sem samkeppnin er gríðarlega mikil. Þórður frá frábær fyrirmynd yngri iðkenda í leik og starfi.

Þeir íþróttamenn sem voru tilnefndir til efnilegasta íþróttamanns Ísafjarðarbæjar auk Þórðar eru eftirfarandi:

Arnar Rafnsson Handknattleiksdeild Harðar

Ásgeir Óli Kristjánsson Golfklúbbi Ísafjarðar

Birkir Eydal Knattspyrnudeild Harðar

Dagur Benediktsson Skíðafélag Ísfirðinga

Hafsteinn Már Sigurðsson Blakdeild Vestra

Hilmir Hallgrímsson Körfuknattleiksdeild Vestra

Aðalfundir félaganna

Samkvæmt lögum eiga aðildarfélög HSV að halda aðalfund ár hvert. Mikilvægt er að auglýsa aðalfundi vel og að láta HSV vita um aðalfund. Nauðsynlegt er að HSV geti fylgst með aðalfundi og geti haft eftirlit með að allar venjur og reglur séu í lagi. Einnig er mjög mikilvægt að leggja fram ársreikning undirritaða af stjórn félagsins og skoðunarmönnum.

Aftast í þessari ársskýrslu eru skýrslur stjórnar félaganna. Ekki voru komnar í hús allar skýrslur og því er listinn ekki tæmandi. Stjórn HSV telur mikilvægt að gefa út í einu riti ársskýrslu HSV og aðildarfélaga þess. Með því móti er hægt að sjá í einu riti það mikla og blómlega starf sem íþróttafélögin og HSV stuðla að í Ísafjarðarbæ og Súðavík.

Samstarfsverkefni

HSV tekur á ári hverju þátt í nokkrum samstarfsverkefnum og er sambandið ávalt opið fyrir því að taka þátt í góðum verkefnum. Hér fyrir neðan eru talin upp helstu samstarfsverkefni á síðasta ári.

Hreyfivikan

Hreyfivikan er almenningsíþrótta verkefni á vegum Ungmennafélags Íslands í samstarfi við yfir 200 grasrótarsamtök í Evrópu. Hreyfivikan er hluti af “The NowWeMove 2012-

2020 " herferð International Sport and Culture Association (ISCA) sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum til heilsubóta.

HSV í samstarfi við Ísafjarðarbæ var með í fyrsta sinn 2014 og heppnaðist mjög vel. Síðan hefur hreyfivikan í Ísafjarðarbæ eflst og dafnað í Ísafjarðarbæ. Árið 2018 fer hreyfivikan fram 28. maí til 3. júní. Dagskráin hér á svæðinu verður með svipuðu sniði og undanfarin ár og verður fyrsti viðburður að venju ganga upp í Naustahvilt kl. 6 mánudaginn 28. maí á vegum gönguhóps Ferðafélags Ísfirðinga

Félagakerfið Felix

Félagakerfi Felix er sameiginlegt kerfi UMFÍ og ÍSÍ og er megintilgangur kerfisins að skrá og halda utan um upplýsingar félaganna s.s. félagsmenn, iðkendur, stjórnir, nefndir, æfingahópa o.s.v.fr. Kerfið heldur utan um allar þessar upplýsingar á miðlægum gagnagrunni þannig að þær er alltaf hægt að nálgast og engin hætta er á því að þær tapist. Kerfið auðveldar allt utanumhald á skráningum félaganna. Í kerfinu er einnig hægt nálgast tölfræðilegar skýrslur úr starfsemi félaganna.

Nýtt Felix kerfi var tekið í notkun árið 2017. Það voru miklir erfiðleikar í notkun nýja kerfisins til að byrja með en kerfið er komið vel í gang og hafa starfsskýrsluskil gengið nokkuð vel þó alltaf megi gera betur.

HSV hvetur aðildarfélög sín að kynna sér felix og nýta sér kerfið. Mjög mikilvægt er að félögin séu virk í skráningu iðkenda og félaga sinna. Skipting þeirra fjármuna sem til HSV kemur og rennur til félaga byggist alfarið á tölum úr Felix skráningarkerfinu og því mjög brýnt að upplýsingar séu réttar og reglulega uppfærðar.

Lottó

Heildarlottótekjur til HSV fyrir árið 2017 voru kr. 7.889.336 sem er svipuð aukning milli ára og verið hefur. Til samanburðar voru tekjur HSV af lottó árið 2016 kr. 7.202.482, árið

2015 kr. 6.449.392, árið 2014 kr. 6.284.387, árið 2013 kr. 5.404.974 og árið 2012 kr. 5.183.329. Lottótekjur HSV koma frá UMFÍ og ÍSÍ eftir ákveðnum reglum samtakanna.

Lottótekjur HSV renna óskiptar til aðildarfélaganna HSV með þeirri undantekningu að samkvæmt reglum afreksmannasjóðs HSV, renna 10% af óskiptum lottótekjum sambandsins í afreksmannasjóðinn.

Úthlutunarreglur HSV á lottótekjum til aðildafélaganna fer eftir iðkenda og félagatali. Miðað er við tölur félaganna úr felix kerfinu. Enginn fær úthlutað rekstrarframlagi án skráningar í felix og skýrsluskilum til ÍSÍ og HSV. Í 5. grein laga HSV kemur fram hvernig haga skuli skiptingu og hverju félög þurfa að skila til að fá úthlutað sínum hluta.

Íslenskar getraunir

Tekjur af Íslenskum getraunum voru árið 2017 kr. 133.984. Íslenskar getraunir hafa um nokkurt árabíl verið vannýtt auðlind hjá HSV og tekjur verið nokkuð misjafnar en alltaf litlar. Vonir standa til að tekjurnar aukist eftir að aðalstjórn Vestra fór af stað með tilþpplæk undir númerinu 400 en það verður til að auka tekjur félagsins og HSV af Íslenskum getraunum.

Landsmót UMFÍ

Unglingalandsmót

16. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina 2017. Keppt var í ýmsum keppnisgreinum eins og dansi, fimleikum, frjálsíþróttum, glímu, golfi, hestaíþróttum, knattspyrnu, körfubolta, skák og sundi. Gestir mótsins voru taldir vera um 8.000-10.000. Aðstaða til keppnishalds var með ágætum og fór mótið vel fram í ágætis veðri. Keppendur HSV voru heldur fáir þetta árið líkt og undanfarin ár. Markmiðið er að vekja betur upp áhuga á unglingalandsmóti hjá félögum HSV og mæta á næstu mót með öflugan hóp. Unglingalandsmót er fjölskylduskemmtun án allra vímuefna og er góður kostur fyrir fjölskyldur og börn þeirra ef gera á verslunarmannahelgina skemmtilega og minnisstæða. Árið 2018 er mótið haldið í Þorlákshöfn, árið 2019 á Höfn í Hornafirði og 2020 á Selfossi.

Landsmót 50+

Landsmót 50+ var haldið í Hveragerði árið 2017. Nokkrir keppendur voru frá íþróttafélaginu Kubba eða 16. Þeir kepptu í boccia, pútti, golfi og stígvélakasti. Árangur keppenda, var svona upp og ofan, en einhver verðlaun skiluðu sér heim. Í ár verður landsmót 50+ felld inn í stóra landsmótið sem haldið er um miðjan júlí á Sauðárkróki.

Landsmót UMFÍ

Landsmótið fer fram á Sauðárkróki 12. - 15. júlí 2018. Á mótinu er hægt að velja fleiri en 30 íþróttagreinar auk skemmtunar og fróðleiks. Þátttökugjald er 4.900kr. Skáning hefst 1. apríl. Allir 18 ára og eldri geta skráð sig til þátttöku en að auki verður margt í boði fyrir mótsgesti yngri en 18 ára. Landsmótið er frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Fyrirkomulag mótsins er nýtt. Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Hægt er að kynnast nýjum íþróttagreinum, fá kennslu í þeim og taka fyrstu skrefin í nýrri hreyfingu. HSV stefnir að því að vera með hóp þátttakenda á þessu móti og mun verða með bækistöð á staðnum með tjaldi bekkjum, boðum og Murikkupönnu

Ýmsar upplýsingar

Lög HSV

I. kafli: Heiti og sambandssvæði.

II. kafli: Aðild:

- a) Réttur til aðildar.
- b) Umsókn um aðild.
- c) Réttindi og skyldur aðildarfélaganna.

III. kafli: Markmið og hlutverk sambandsins.

IV. kafli: Héraðsþing:

- a) Hlutverk.
- b) Fulltrúar.
- c) Réttur til þingsetu.
- d) Dagskrá þingsins.
- e) Aukaþing.

V. kafli: Stjórn:

- a) Skipun.
- b) Hlutverk.
- c) Formannafundur.

VI. kafli: Lagabreytingar.

VII. kafli: Ýmis ákvæði

VIII. kafli: Gildistaka.

I. kafli. Heiti og sambandssvæði.

1. grein.

Sambandið heitir Héraðssamband Vestfirðinga. Skammstafað HSV. Sambandssvæðið er Ísafjarðarbær og Súðavíkurreppur. Heimili og varnarþing er Ísafjarðarbær.

II. kafli. Aðild.

2. grein.

Réttur til aðildar.

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna og íþróttafélög, sem eru á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Íþrótta- og ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og starfa í anda þeirra.

3. grein.

Umsókn um aðild.

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar HSV. ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn.

4. grein.

Réttindi og skyldur aðildarféлага.

Félag öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna, er staðfestast skal á héraðsþingi. Félagið hefur þó rétt til þátttöku í íþróttamótum.

5. grein.

Starfsskýrslur/ársskýrslur

Hverju aðildarfélagi innan HSV er skylt að skila starfsskýrslu eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Starfsskýrslur skulu innihalda félagatal, iðkendatal og ársreikninga. Í starfsskýrslum skal aðgreina meistaraflokk frá barna- og unglíngastarfi.

Aðildarfélag skuli skila ársskýrslum til sambandsins að loknum aðalfundum sínum eða eigi síðar en 31. maí. Ársskýrslur skulu innihalda skýrslu stjórnar með árituðum ársreikningi

Verði vanhöld á skýrsluskilum er HSV heimilt að halda eftir styrkjum til viðkomandi félags. Geri viðkomandi félag ekki skil á ársskýrslum á réttum tíma tvö ár í röð hefur stjórn HSV heimild til að taka viðkomandi félag af úthlutunarlista. Það fjármagn sem þegar hefur safnast upp skal renna til afreksmannasjóðs HSV.

HSV sér um að dreifa styrkjum til aðildarféлага skv. innsendum ársskýrslum. Styrkir þessir eru bein fjárframlög frá bæjarfélagi, Lottógreiðslur og greiðslur frá Íslenskum getraunum. Styrkir skulu skipast á milli aðildarféлага skv. eftirfarandi reiknireglu:

- 1. 70 % miðast við fjölda iðkenda, yngri en 18 ára
- 2. 20 % miðast við fjölda iðkenda 18 ára og eldri
- 3. 5 % miðast við skráða félaga
- 4. 5 % er skipt jafnt á félög

Lög aðildarféлага sambandsins skulu staðfest af stjórn HSV svo og allar síðari lagabreytingar sem gerðar kunna að vera.

III. kafli. Markmið og hlutverk sambandsins.

6. grein.

Markmið HSV er að sameina íbúa héraðsins um að efla sjálfstæði Íslendinga. Markmiði sínu hyggst sambandið ná á eftirfarandi hátt:

- Að starfa í anda friðar, jafnréttis og menningarhugsjóna.
- Að vinna að útrýmingu skaðnautna og hafa samvinnu um bindindismál við bindindisfélög.
- Að vinna að náttúruvernd og bættri umgengni við landið.
- Að glæða með fólki áhuga fyrir verndun móðurmálsins og sögu þjóðarinnar.
- Að efla með fólki tryggð og rækt við heimili, áttthaga og ættjörð.
- Að efla í hvívetna almenna fræðslu og uppeldisstarf.
- Að vinna að kynningu æskunnar á sambandssvæðinu og hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins menningarþroska, m.a. með heilbrigðum skemmtunum og málfundastarfsemi.
- Að vinna að jafnrétti allra manna.
- Að vinna að öðru leyti samkvæmt stefnuskrá ÍSÍ og UMFÍ.

Hlutverk sambandsins er:

- Að hafa forystu ípróttamála innan héraðsins, efla samvinnu ípróttaiðkenda og vera fulltrúi þeirra gagnvart ÍSÍ og UMFÍ og öðrum héraðssamböndum.
- Að stjórna sameiginlegum ípróttamálum héraðsins og vera fulltrúi ÍSÍ og UMFÍ, en sérráð ef stofnuð eru fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins
- Að annast samstarf um ípróttamál við sveitar og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- Að varðveita og skipta milli félaganna því fé sem til þess hefur verið veitt.
- Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd ípróttamóta í héraði
- Að hafa frumkvæði um eflingu ípróttastarfsins innan héraðs.
- Að staðfesta lög aðildarféлага og fylgjast með því að starfsemi aðildarféлага fari fram skv. gildandi lögum þeirra og ípróttahreyfingarinnar í heild.
- Að annast ípróttaleg sérmál, meðan þau eru ekki falin sérstökum ráðum.
- Að gangast fyrir stofnun sérráða, sé þess þörf
- Að gefa umsögn um ípróttamál, ípróttamannvirki o.s.frv.
- Að annast milligöngu um tryggingamál fyrir einstök félög eða sérráð, sé þess óskað.
- Að efla áhuga almennings fyrir líkamsmennt, með erindum eða annari fræðslu og örfa almenna þátttöku í ípróttaiðkun og í keppni um ípróttamerki.
- Að annast skýrslugerðir varðandi ípróttamál héraðsins.

IV. kafli. Héraðsþing.

7. grein.

Hlutverk.

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið fyrir maílok ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögum, um sambandssvæðið.

Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþingi, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þingið skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara með rafrænum hætti nema óskað sé eftir því skriflega.

8. grein.

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða um þær, nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins.

9. grein.

Fulltrúar.

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 50, verði 25 umfram má kjósa einn fulltrúa fyrir það brot, gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi og aldrei færri en einn. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmaett, ef löglega er til þess boðað.

10. grein.

Réttur til þingsetu.

Atkvæðisrétt á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar þeirra félaga sem skilað hafa inn starfsskýrslum skv.

5. grein. Auk þess hefur sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ.
- Fulltrúar sveitafélaganna á sambandssvæðinu.
- Skoðunarmenn reikninga.
- Starfsmenn sambandsins.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu.

Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar með atkvæðisrétt skulu hafa kjörbréf.

11. grein.

Dagskrá þingsins.

Ársskýrsla 2017

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili
Héraðssambands Vestfirðinga eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu:
 - a) Kjörnefnd og aðrar nefndir ef þurfa þykir.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðabreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á áliti nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar,
 - a. Kosning formanns.
 - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
 - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
 - d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
 - e. Kosning til íþróttþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem íþróttþing er haldið.
 - f. Kosning til þings UMFÍ skv. lögum UMFÍ á því ári sem þing þess er haldið
20. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða.

12. grein.
Aukaþing.

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða reglugerðabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

V. kafli. Stjórn.

13. grein.
Skipun.

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og ennfremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Formaður eða varaformaður aðildarfélags er ekki kjörgengur í stjórn sambandsins. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

14. grein.
Hlutverk.

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórn sambandsins svo og nefndir þess skulu halda gerðabók.

15. grein.
Formannafundir.

Eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti skal stjórn HSV halda fund með formönnum félaga og sérráða eða fulltrúum þeirra, þar sem stjórnin skýrir störf sín og rædd verða viðfangsefni héraðssambandsins og aðildarfélaga þess

VI. kafli. Lagabreytingar.

16. grein.

Tillögur til lagabreytinga skal leggja fram í upphafi þings og þeim síðan vísað til laganefndar. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

17. grein.

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða, atkvæðisbærra fulltrúa á héraðsþingi.

VII. kafli. Ýmis ákvæði.

18. grein.

Í lögum allra aðila að héraðssambandinu skulu vera ákvæði um félagsslit, svo og um ráðstöfun eigna sambandsaðila.

19. grein.

Héraðsambandinu HSV. verður ekki slitið nema á héraðsþingi og þá aðeins, að 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa þeirra, er rétt eiga til setu á þinginu sbr. 9. grein samþykki. Með slíkri samþykkt er störfum þessa þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til annars ársþings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 atkvæða atkvæðisbærra fulltrúa að slíta sambandinu, er sambandinu formlega slitið. Skulu eignir sambandsins renna til nýrra heildarsamtaka íþróttafélaganna á sambandssvæðinu, í samráði við stjórnir ÍSÍ og UMFÍ. Gerðabækur sambandsins skulu varðveitast á Héraðsskjalasafni Ísafjarðabæjar.

20. grein.

Þrátt fyrir ákvæði í 19. grein, skal heimilt að stytta sex mánaða boðunarfrest til héraðþings ef um skipulagsbreytingar eða samruna er að ræða. Boðunarfrestur skal ákveðast af þinginu.

VIII. kafli. Gildistaka.

21. grein.

Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

22. grein.

Allar breytingar á lögum sambandsins þurfa að hljóta samþykki stjórnar ÍSÍ og UMFÍ áður en þær taka að fullu gildi.

Þannig samþykkt á Héraðsþingi HSV á 18. degi maímánaðar 2016

Guðný Stefanía Stefánsdóttir	formaður
Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir	ritari

Forvarnarstefna HSV

Mikilvægt er að Héraðssamband Vestfirðinga stuðli að því að forvarnarstefna sé til og virk innan íþróttafélaga sambandsins. Neysla vímuefna og íþróttaiðkun fara ekki saman og hefur skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Sýnt hefur verið fram á það í rannsóknum á börnum og unlingum að þeim ungmennum sem eru virk í íþróttastarfi reiðið betur af í daglegu lífi, standa sig betur í námi og neyta síður vímuefna.

Héraðssambandið vill hafa skýra afstöðu gegn neyslu vímuefna í tengslum við íþróttir og starf íþróttafélaganna. Héraðssambandið hvetur íþróttafélögin innan sambandsins að taka upp forvarnarstefnu gegn neyslu vímuefna. Þegar átt er við vímuefni er átt við neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna sem og neyslu hormónalyfja sem ekki eru tekin í lækningalegum tilgangi eftir tilvísun læknis.

Til að ná árangri í framkvæmd á þessu hefur Hérassambandið sett sér markmið.

Markmið:

Hvert og eitt félag skilgreini sitt fræðslu og forvarnastarf. Félögin eru sjálf ábyrg fyrir framkvæmd stefnunnar. Mikilvægt er að íþróttahreyfingin sé trúverðug í fræðslu- og forvarnastarfi. Áfengis- og eða tóbaksneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf, s.s.:

- Áfengissala í tengslum við íþróttakeppni.
- Áfengisneysla í lokahófum þar sem börn og unglingar eru á.
- Reykingar og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum.
- Áfengisauglýsingar á eða við íþróttasvæði.

Íþróttafélög þurfa að skapa aðstæður svo öll börn og unglingar geti stundað íþróttir. Íþróttafélög setji sér reglur og/eða marki sér stefnu í forvarnarmálum samkvæmt stefnu ÍSÍ. Félag og deildir fræði börn og unglinga um skaðsemi vímuefna auk þess sem þau fræði sína ungu iðkendur um lyfjamál og bendi þeim á þær hættur sem geta fylgt lyfjanotkun.

STEFNUYFIRLÝSING ÍSÍ UM FORVARNIR OG FÍKNIEFNI.

Neysla áfengis, tóbaks eða fíkniefna á aldrei samleið með iðkun íþróttar og vill íþróttahreyfingin á Íslandi efla forvarnahlutverk sitt á eftirfarandi hátt:

Setja fram markvissa stefnu

- Hvetja íþróttar- og ungmennafélög til þess að festa í lög sín ákvæði þar sem tekin er einörð afstaða gegn neyslu á áfengi og fíkniefnum.
- Móta sameiginlegar starfsreglur um hvernig tekið skuli á fíkniefnavanda ungs fólks á vettvangi íþróttahreyfingarinnar og hvernig unnið skuli að forvörnum og gera öll íþróttamannvirki algerlega reyklausa.

Stuðla að aukinni og almennari þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi

- Hvetja íþróttar- og ungmennafélög til þess að vinna markvisst að því að fjölga iðkendum íþróttar meðal barna og unglinga, m.a. með því að auka fjölbreytni í iðkuninni og tryggja þannig að öll börn og unglingar fái tækifæri til að stunda íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga.
- Nýta mannvirki og aðstöðu íþróttahreyfingarinnar til að festa íþróttastarf í sessi sem raunhæfan valkost til skemmtunar fyrir unglinga, t.d. með því að bjóða upp á iðkun óhefðbundinna greina.

- Halda opin hús í íþróttamannvirkjum, eða efna til annars konar íþróttastarfs fyrir þessa aldurshópa þar sem meiri áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir þeirra fyrir afþreyingu og skemmtun, en keppni og afrek.

Auka þekkingu á skaðsemi fíkniefna og forvörnum innan hreyfingarinnar

- Gefa út fræðsluefni um fíkniefni og forvarnir fyrir þjálfara og iðkendur og gera fræðslu um þessi málefni að föstum þætti í fræðslustarfi íþróttahreyfingarinnar og í íþróttanámi í framhaldsskólum
- Fela þjálfurum að fræða þá iðkendur sem þeir þjálfar um áhrif áfengis, tóbaks og fíkniefna á heilbrigði þeirra og árangur í íþróttum
- Hvetja sambandsaðila íþróttahreyfingarinnar til þess að fjalla um fíkniefni og forvarnir í málsgögnum sínum og ritum.

Siðareglur Héraðssambands Vestfirðinga

Hlutverk siðareglna er að veita þeim sem koma að íþróttum almennar leiðbeiningar og vera þeim hvatning. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Þær eru ekki tæmandi, heldur leiðbeinandi og hvetjandi. Aðhaldið felst í almennu viðhorfi til boðskapar regnanna. Þær þarf að kynna öllum hlutaðeigandi.

Staða siðareglna er mismunandi, allt frá því að vera leiðbeinandi yfir í það að hafa refsíákvæði af ýmsum gerðum. Í tilfelli íþróttafélags er ekki þörf á að hafa refsíákvæði þar sem þau er að finna í keppnisreglum einstakra íþróttagreina.

Siðareglur

1. Forðastu að upp komi sérhver sú staða sem leitt getur til hagsmunaárekstra.
2. Vertu hlutlaus í samskiptum þínum við opinberar stofnanir, innlend og alþjóðleg samtök sem og önnur sambönd eða hópa í samræmi við grundvallarhugsjónir íþróttahreyfingarinnar.
3. Gættu þess að misbjóða ekki virðingu einstaklinga eða hópi einstaklinga t.d. hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð, kynhneigð og stjórn-málaskoðanir.
3. Tryggðu að persónuleg réttindi þeirra aðila sem þú ert í sambandi við og átt í samskiptum við séu varin, virt og tryggð.
4. Gerðu þér grein fyrir trúnaðarskyldum við störf.

5. Taktu ekki við gjöfum og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Gefðu heldur ekki gjafir og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.
6. Þiggðu aldrei mútur.
7. Taktu aldrei við umboðslaunum eða loforðum um umboðslaun, fyrir hvers konar samningagerð við skyldustörf.
8. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.

Hegðunarviðmið

Fyrir iðkendur

1. Gerðu alltaf þitt besta.
2. Þekktu reglur íþróttagreinarinnar og vertu háttvís í hvívetna.
3. Taktu þátt af því það er gaman, á eigin forsendum en ekki til að þjóna hagsmunum styrktaraðila, foreldra eða þjálfara.
4. Berðu virðingu fyrir öðrum.
5. Ekki láta í ljósi neikvæðar eða niðrandi athugasemdir gagnvart öðrum iðkendum, keppinautum, dómurum, þjálfurum og liðsstjórum sem og öðrum aðilum sem koma að íþróttastarfi með einum eða öðrum hætti.
6. Komdu fram við aðra eins og þú vilt að þeir komi fram við þig.
7. Gerðu þér grein fyrir því að þú ert fyrirmynd þeirra sem yngri eru.
8. Hafðu heilbrigði alltaf að leiðarljósi og forðastu að taka áhættu varðandi heilsu þína.

Fyrir þjálfara

1. Vertu iðkendum þínum góð fyrirmynd.
2. Styrktu jákvæða hegðun og framkomu iðkenda.
3. Skapaðu möguleika fyrir iðkendur til að þroska og nýta hæfileika sína og gættu þess að æfingar hæfi aldri og þroska.
4. Sýndu íþróttinni virðingu og vertu reglur hennar, venjur og siði. Stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama og kenndu þeim að virða dómara og keppinauta.
5. Viðurkenndu og sýndu virðingu þeim ákvörðunum sem dómarar taka.
6. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, stjórnmálaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
7. Hrósaðu iðkendum og taktu tillit til aldurs og þroska. Viðhafðu jákvæða gagnrýni.
8. Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
9. Sýndu athygli og umbyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum.
10. Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara eða sérfræðinga þegar þess þarf.

11. Viðurkenndu rétt iðkandans til þess að leita ráða hjá öðrum þjálfurum.
12. Hafðu ávallt í huga að þú ert að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega.
13. Hafðu ávallt heilsu og heilbrigði iðkenda þinna í huga og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti þessum þáttum.
14. Talaðu ávallt gegn neyslu áfengis og tóbaks.
15. Talaðu ávallt gegn notkun ólöglegra lyfja.
16. Sæktu reglulega endurmenntun.
17. Leggðu þitt af mörkum til að skapa gott andrúmsloft og félagsleg tengsl.
18. Komdu þér aldrei í þá aðstöðu að þú sért einn með iðkanda.
19. Sinntu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og internetið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar
20. Taktu aldrei að þér akstur iðkenda, hvorki á leiki né æfingar, nema með skriflegu leyfi foreldra
21. Forðastu náið samband við iðkanda, fyrir utan æfingar- og keppnistíma.
22. Beittu (iðkanda) aldrei kynferðislegu, líkamlegu eða andlegu áreiti.

Fyrir stjórnarmenn og starfsmenn

1. Stattu vörð um grunngildi íþróttahreyfingarinnar.
2. Stattu vörð um anda og gildi félagsins og sjáðu um að hvort tveggja lifi áfram meðal félagsmanna.
3. Komdu fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, litarhætti og kynhneigð.
4. Stuðlaðu að jöfnum tækifærum allra til þátttöku innan félagsins.
5. Vertu til fyrirmyndar í framkomu, bæði innan félags og utan.
6. Leystu ágreining og árekstra á sanngjarnan hátt og til samræmis við reglur og venjur.
7. Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
8. Taktu alvarlega þá ábyrgð sem þú hefur gagnvart félaginu og iðkendum.
9. Hafðu ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk.
10. Rektu félagið ávallt eftir löglegum og ábatasömum reikningsaðferðum.
11. Misnotaðu aldrei aðstöðu þína til að koma eigin hagsmunum á framfæri á kostnað félagsins.
12. Haltu félagsmönnum vel upplýstum og gerðu félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er.

Fyrir foreldra og forráðamenn

1. Mundu að barnið þitt tekur þátt sín vegna, ekki þín vegna.
2. Hvettu barnið til þátttöku í íþróttum en ekki þvinga það.

3. Útskýrðu fyrir barninu að starfið fari fram eftir ákveðnum reglum og kenndu því að leysa úr ágreiningi.
4. Styddu og hvettu öll börn og ungmenni, ekki bara þín eigin, bæði við æfingar og keppni.
5. Ekki láta í ljósi neikvæðar eða niðrandi athugasemdir gagnvart iðkendum, keppinautum, dómurum, þjálfurum og liðsstjórum sem og öðrum aðilum sem koma að íþróttastarfi með einum eða öðrum hætti.
6. Sýndu jákvæðni, líka þegar á móti blæs.
7. Berðu virðingu fyrir ákvöðrunum dómara og annarra starfsmanna.
8. Berðu virðingu fyrir réttindum barna.
9. Upplýstu um stríðni og/eða áreiti.
10. Lærðu að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu því án þeirra hefði barn þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.

Jafnréttisstefna HSV

Markmið jafnréttisstefnu HSV er að tryggja að allir félagsmenn HSV séu meðvitaðir um ábyrgð sína og áhrifamátt í jafnréttismálum og fari að lögum um jafna stöðu ólíkra þjóðfélagshópa.

HSV leggur ríka áherslu á jafnrétti kynjanna og að allir iðkendur sambandsins geti iðkað íþrótt sína óháð kynferði, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðerni, kynþætti, litarhætti, efnahag, kynhneigð eða stöðu að öðru leyti.

Bæði kyn séu hvött til áframhaldandi íþróttaiðkunar og kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar sé sinnt hvað varðar aðstöðu, fjármagn og félagsstarfs. Þetta skal haft í huga við skipulag mótahalds, skipulag æfinga eða æfingabúða auk úthlutunar styrkja.

HSV hvetur bæði konur og karla til þátttöku í innra starfi sambandsins og að í ábyrgðarstörf innan þess veljist sem jafnast hlutfall karla og kvenna hverju sinni. Í stjórn HSV og aðildarfélögum þess skal reynt að fá einstaklinga af báðum kynjum.

Jafnréttisstefnan skal vera samofin öllu starfi og markvisst fléttuð inn í alla stefnumótun og verklag innan sambandsins. Gæta skal þess að ýta ekki undir staðalímyndir kynjanna.

Úthlutunarreglur íbúða HSV

Almennar reglur:

Samningar við aðildarfélögin eru gerðir í maí og september ár hvert og skulu óskir um íbúðir vera sendar inn fyrir 1. janúar og 1. ágúst. Í umsókninni skal koma fram hversu margar íbúðir félagið óskar eftir, fyrir hvern íbúðin er ætluð þ.e. þjálfara/leikmenn eða hvortveggja og til hvers langs tíma félagið óskar eftir íbúðinni. Samningur er aðeins gerður til eins árs, nema í undantekningartilfellum. Hvert félag getur ekki verið með nema eina íbúð í leigu í einu í hámarksleigutíma. Ef svo ber undir gætu félög þurft að samnýta íbúð. Leiguíbúðir HSV eru ekki lausn á framtíðarhúsnæði íþróttafélaga og ber að líta á þær sem skammtímalausn fyrir þjálfara og leikmenn. Félag með íbúð í leigu ber fulla ábyrgð á skemmdum í íbúðinni. Horft verður til menntunar þjálfara s.s. íþrótafræðingur, íþróttakennari og/eða með þjálfaramenntun.

Forgangsreglur

1. Fyrsti forgangsflokkur: Þjálfarar á barna- og unglingastigi.
 - a. Forgangur á þjálfurum á barna og unglingastigi.
 - i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
 - ii. Nýting á þjálfara gefur forgang í íbúðina þ.e.a.s. er hann nýttur fyrir marga flokka og/eða árganga og fjölda iðkenda.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.
 - iv. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.
2. Annar forgangsflokkur: Aðrir þjálfarar.
 - a. Forgangur á aðra þjálfara.
 - i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
 - ii. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.
3. Þriðji forgangsflokkur: Leikmenn.
 - a. Forgangur vegna leikmanna.
 - i. Taka skal mið af keppnistímabili leikmanna.
 - ii. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu hefur það forgang.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.

Taka skal allar umsóknir fyrir á stjórnarfundum HSV og mun stjórnin taka ákvarðarnir um leiguíbúðir samkvæmt þessum reglum.

Aðildarfélög og formenn félaga í lok árs 2017

Aðildarfélög HSV	Formaður
Golfklúbbur Ísafjarðar	Kristinn Kristjánsson
Golfklúbburinn Gláma	Jóhannes Kristinn Ingimarsson
Hestamannafélagið Hending	Marinó Hákonarson
Hestamannafélagið Stormur	Viktor Pálsson
Íþróttafélagið Höfrungur	Sigmundur Þórðarson
Íþróttafélagið Ívar	Harpa Björnsdóttir
Íþróttafélagið Stefnir	Svava Rán Valgeirsdóttir
Knattspyrnufélagið Hörður	Salmar Már Salmarsson
Kraftlyftingafélagið Víkingur	Ingibjörg Óladóttir
Skíðafélag Ísfirðinga	Hólmfríður Vala Svavarsdóttir
Skotíþróttafélag Ísafjarðar	Björn Bergsson
Tennis- badmintonfélag Ísafjarðar	Guðmundur E. Kjartansson
Ungmennafélagið Geisli	Birgir Ragnarsson
Íþróttafélagið Grettir	Steinunn Guðný Einarsdóttir
Íþróttafélagið Kubbi	G. Sigríður Þórðardóttir
Sæfari	Magnús Bjarnason
Vestri íþróttafélag	Hjalti Karlsson

Heiðursviðurkenningar HSV

Silfurmerki

Guðjón M. Þorsteinsson
Óli Reynir Ingimarsson
Sigmundur F. Þórðarson
Bergmann Ólafsson

KFÍ
KFÍ
Höfrungur
SFÍ

Gullmerki

2002

Jón Kristmannsson
Óli M. Lúðvíksson
Guðmundur Ágústsson
Gunnlaugur Jónasson
Hafsteinn Sigurðsson

KFÍ
BÍ
SFÍ
SFÍ
SFÍ

2003

2004

Óskar Kárasen

SFÍ

Gylfi Guðmundsson

SFÍ

Ársskýrsla 2017

Pröstur Jóhannsson	SFÍ	Kristján Rafn Guðmundsson	SFÍ
		Páll Sturlaugsson	SFÍ
		Halldór Margeirsson	SFÍ

2005

Björn Helgason

2006

Kristján Jóakimsson	Vestri	Guðbjörn Björnsson	Stefnir
Sigrún Sigvaldadóttir	Vestri	Eiríkur Jónsson	Stefnir
Kristján Pálsson	BÍ	Guðrún Guðjónssdóttir	Stefnir
Þorsteinn Þráinsson	KFÍ	Helga Ásgreímsdóttir	Stefnir
Harpa Björnsdóttir	Ívar	Sigrún Sturludóttir	Stefnir
Hermann Níelsson	Hörður	Aðalheiður Frðbertsdóttir	Stefnir
Tryggvi Guðmundsson	GÍ	Ingibjörg Jónasdóttir	Stefnir
Steingrímur Guðmundsson	Stefnir	Eva Sturludóttir	Stefnir
Anna Bjarnadóttir	Stefnir	Lilja Magnúsdóttir	Stefnir
Arnar Guðmundsson	Stefnir		
Deborah Anne Ólafsson	Stefnir		

2007

Baldur Ingi Jónasson	KFÍ
Halldór Sveinbjörnsson	Sæfari
Finnur Magnússon	HSV
Jens Magnússon	Skotís
Ari Hólmsteinsson	Skotís

2008

Guðmundur Ásgeirsson	BÍ88	Kristján Pálsson	BÍ88
Svavar Þór Guðmundsson	BÍ88		
Pétur Jónsson	BÍ88		

2009

Guðríður Sigurðardóttir	HSV
Rannveig Pálsdóttir	HSV
Hermann Níelsson	Hörður

2010

Marinó Hákonarson	Hending	Harpa Björnsdóttir	Ívar
-------------------	---------	--------------------	------

Ársskýrsla 2017

Margrét Eyjólfsdóttir	Vestri		
Guðni Guðnason	KFÍ/HSV		
		2011	
Ásdís Birna Pálsdóttir	Skellur		
		2012	
Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir	SFÍ		
Hjalti Karlsson	SFÍ		
Kristbjörn R. Sigurjónsson	SFÍ		
		2013	
Friðgerður Ómarsdóttir		Guðjón Þorsteinsson	KFÍ
Gísli Jón Kristjánsson			
Sigríður Jónsdóttir	Hending		
Þorsteinn Magnfreðsson	Hending		
		2014	
Óðinn Gestsson	KFÍ	Jóhann Króknes Torfason	BÍ88
Ingólfur Þorleifsson	KFÍ		
		2015	
Jónas Gunnlaugsson	SFÍ		
Þórunn Pálsdóttir	SFÍ		
Sigurður Erlingsson	SFÍ		
Gunnar Sigurðsson	SFÍ		
Hildur Elísabet Pétursdóttir	BÍ88		
Stella Hjaltadóttir	BÍ88		
Hannes Hrafn Haraldsson	BÍ88		
Harpa Grímsdóttir	Skellur		
Sólveig Pálsdóttir	Skellur		
Þorgerður Karlsdóttir	Skellur		
		2016	
Sophus Magnússon		Jens Kristmannsson	Kubbi/ÍBÍ
Guðmundur Valdimarsson	Skotíþr.	Tryggvi Sigtryggsson	GÍ - ÍBÍ
Valur Richter	Skotíþr.		
		2017	
Stefanía Ásmundsdóttir	HSV	Tofi Einarsson	Herði/Sæfara
Hanna Mjöll Ólafsdóttir	Vestra		
Grétar Eiríksson	Herði		
Svava Rán Valgeirsdóttir	Stefni		

Félaga- og iðkendatal HSV 2017

Félag	Félagar			Iðkendur		
	Yngri en 18 ára	18 ára og eldri	Samtals	Yngri en 18 ára	18 ára og eldri	Samtals
Golfklúbbur Ísafjarðar	14	120	134	14	117	131
Golfkl. Gláma	0	0	0	0	0	0
Hestam.f. Hending	5	34	39	2	31	33
Hestam.f. Stormur	44	85	129	22	75	97
Hörður	170	274	444	173	68	241
Grettir	33	95	128	29	6	35
Höfrungur	28	235	263	36	74	110
Ívar	3	38	41	3	12	15
Stefnir	48	105	153	45	10	55
Vestri	491	931	1422	581	104	685
Siglingaf. Sæfari	29	252	281	27	23	50
Skíðafélagið	109	395	504	79	3	82
Skotíþróttaf. Ísafj.	19	192	211	19	192	211
TBÍ	0	0	0	0	0	0
Geisli	40	179	219	31	38	69
Kubbi	0	61	61	0	61	61
Víkingur	0	0	0	0	0	0
Samtals	1033	2996	4029	1061	814	1875

Skipting rekstrar, lottó og getraunartekjum aðildarfélaga HSV

	Framlög						Samtals
	Ísafjarðarbær	Lottó	Getraunir	Skattur	Eftirstöðvar	Tryggingar	
Golfklúbbur Ísa	113.185 kr.	306.864 kr.	5.791 kr.	-20.100 kr.	405.739 kr.	-20.341 kr.	385.399 kr.
Gláma	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	- kr.
Hestam.f. Hending	34.267 kr.	92.246 kr.	1.741 kr.	-5.850 kr.	122.404 kr.	-5.867 kr.	116.537 kr.
Hestam.f. Stormur	99.551 kr.	270.628 kr.	5.107 kr.	-19.350 kr.	355.936 kr.	-17.816 kr.	338.119 kr.
Hörður	361.929 kr.	993.536 kr.	18.748 kr.	-66.600 kr.	1.307.613 kr.	-60.248 kr.	1.247.364 kr.
Grettir	66.953 kr.	182.956 kr.	3.452 kr.	-19.200 kr.	234.161 kr.	-18.295 kr.	215.866 kr.
Höfrungur	127.089 kr.	346.274 kr.	6.534 kr.	-39.450 kr.	440.448 kr.	-39.892 kr.	400.555 kr.
Ívar	23.790 kr.	63.960 kr.	1.207 kr.	-6.150 kr.	82.806 kr.	-6.298 kr.	76.508 kr.
Stefnir	97.535 kr.	267.090 kr.	5.040 kr.	-22.950 kr.	346.714 kr.	-21.373 kr.	325.341 kr.
Vestri	1.110.415 kr.	3.053.805 kr.	57.625 kr.	-213.300 kr.	4.008.545 kr.	-196.049 kr.	3.812.495 kr.
Siglingaf. Sæfari	79.528 kr.	216.727 kr.	4.090 kr.	-42.150 kr.	258.194 kr.	-42.676 kr.	215.518 kr.
Skíðafélagið	162.307 kr.	445.080 kr.	8.399 kr.	-75.600 kr.	540.186 kr.	-73.247 kr.	466.939 kr.
Skotíþróttaf. Ísa	172.531 kr.	467.915 kr.	8.830 kr.	-31.650 kr.	617.625 kr.	-32.205 kr.	585.420 kr.
TBÍ	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	- kr.
Geisli	0 kr.	256.170 kr.	4.834 kr.	-32.850 kr.	228.154 kr.	-32.253 kr.	195.900 kr.
Kubbi	50.921 kr.	137.152 kr.	2.588 kr.	-9.150 kr.	181.511 kr.	-9.628 kr.	171.883 kr.
Víkingur	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	- kr.
Samtals	2.500.000 kr.	7.100.402 kr.	133.984 kr.	-604.350 kr.	9.130.036 kr.	-576.190 kr.	8.553.847 kr.

Íþróttamaður Ísafjarðar og Ísafjarðarbæjar frá upphafi

Nafnalisti ártal og íþróttagrein

Guðmundur Jóhannsson	1980	skíðamaður
Einar Ólafsson	1981	skíðamaður
Stella Hjaltadóttir	1982	skíðamaður
Einar Ólafsson	1983	skíðamaður
Ingólfur Arnarson	1984	sundmaður
Einar Ólafsson	1985	skíðamaður
Helga Sigurðardóttir	1986	sundmaður
Einar Ólafsson	1987	skíðamaður
Einar Ólafsson	1988	skíðamaður
Helga Sigurðardóttir	1989	sundmaður
Helga Sigurðardóttir	1990	sundmaður
Helga Sigurðardóttir	1991	sundmaður
Ásta S. Halldórsdóttir	1992	skíðakona
Daníel Jakobsson	1993	skíðamaður
Pétur Þór Gretarsson	1994	golfari
Ásta S. Halldórsdóttir	1995	skíðakona
Arnór Þ. Gunnarsson	1996	skíðamaður
Friðrik E. Stefánsson	1997	körfuboltamaður
Sigríður B. Þorláksdóttir	1998	skíðakona
Ólafur Th. Árnason	1999	skíðamaður
Katrín Árnadóttir	2000	skíðakona
Heiðar Ingi Marinóson	2001	sundmaður
Ólafur Th. Árnason	2002	skíðamaður
Ólafur Th. Árnason	2003	skíðamaður
Sigurður G. Þorsteinsson	2004	körfuboltamaður
Jakob Einar Jakobsson	2005	skíðamaður
Þórir Guðmundsson	2006	körfuboltamaður
Sólveig G Guðmundsdóttir	2007	skíðakona
Ragney Líf Stefánsdóttir	2008	sundkona
Emil Pálsson	2009	knattspyrnumaður
Emil Pálsson	2010	knattspyrnumaður
Thelma Rut Jóhannsdóttir	2011	skíðakona
Eva Margét Kristjánsdóttir	2012	körfuboltakona
Kristín Þorsteinsdóttir	2013	sundkona
Kristín Þorsteinsdóttir	2014	sundkona
Kristín Þorsteinsdóttir	2015	sundkona
Kristín Þorsteinsdóttir	2016	sundkona
Albert Jónsson	2017	skíðamaður

Ferðasjóður ÍSÍ

Ferðasjóður ÍSÍ hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir aðildarfélög HSV og hafa þau verið dugleg að sækja í sjóðinn. Mjög mikilvægt er að öll félög sendi inn í ferðasjóðinn fyrir þann ferðakostnað sem styrkhæfur er. Íþróttafélögin í landinu geta með þessu móti sýnt fram á það hversu mikill kostnaður er fólgin í ferðalögum og hversu brýnt er að hann verði efldur til mikilla muna.

Landsbyggðarstuðullinn sem settur var á fyrir þremur árum er að vinna vel með félögunum úti á landi sem sýnir sig í hærri styrk til HSV. Stofnun Vestra hefur líka áhrif en með því að sækja um styrki undir sama félaginu þá fæst betri hlutdeild í pottinum því að heildarupphæð umsóknar hvers félags hefur áhrif á útgreiðsluhlutfall.

Til úthlutunar úr Ferðasjóði ÍSÍ voru 127 milljónir króna. HSV fékk í sinn hlut 8,02 % af heildarpottinum eða kr. 10.191.688. Í heild var HSV að fá 29,16% af uppreiknuðum heildarkostnaði umsókna. Fjöldi ferða í umsóknum aðildarfélaga HSV voru 142 talsins. Samsvarandi tölur fyrir HSV árið 2016 eru 5,87% og kr. 5.692.603. Þá fékk HSV 21,4% af uppreiknuðum heildarkostnaði. Til samanburðar fengu félögin úthlutað kr. 3.533.149 fyrir árið 2015 og kr. 2.686.795. fyrir árið 2014.

	2017	2016
Golfklúbbur Ísafjarðar	65.242	31.899
Íþróttafélagið Stefnir		52.755
Íþróttafélagið Ívar	82.211	70.819
Skotfélag Ísafjarðar	120.427	
Skíðafélag Ísafjarðar	287.097	291.598
Hörður, Ísafirði	936.537	494.576
Íþróttafélagið Vestri	8.700.174	4.750.956
	10.191.688	5.692.603

Skýrslur aðildarfélaga HSV

Golfklúbbur Ísafjarðar

Stjórn og nefndir Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2017

Stjórn Golfklúbbs Ísafjarðar:

Kristinn Þórir Kristjánsson, formaður, Jakob Ólafur Tryggvason, varaformaður, Bjarki Bjarnason, gjaldkeri, Kristín Hálfðánsdóttir, ritari, Guðni Ólafur Guðnason, meðstjórnandi, Kristján Ásgeirsson meðstjórnandi og , Guðbjörn Salmar Jóhannsson meðstjórnandi.



Varastjórn:

Guðjón Helgi Ólafsson, Snorri Sigurhjartarson og Einar Gunnlaugsson

Skoðunarmenn reikninga:

Jens Andrés Guðmundsson og Baldur Geirmundsson.

Fastanefndir klúbbsins:

Forgjafanefnd:

Gunnar Sigurðsson, formaður og Kristinn Þórir Kristjánsson.

Húsnefnd:

Guðni Ólafur Guðnason.,formaður,

Mótanefnd:

Guðbjörn Salmar Jóhannsson, formaður og Guðni Ólafur Guðnason.

Unglinganefnd

Jakob Ólafur Tryggvason, formaður, Guðjón Helgi Ólafsson og Jóhann Bæring Pálmason

Vallarnefnd:

Kristján Ásgeirsson, formaður, Gunnlaugur Einarsson, Finnur Magnússon, Reynir Pétursson og Tryggvi Sigtryggsson

Kvennanefnd:

Kristín Hálfðánsdóttir, formaður og Anna Guðrún Sigurðardóttir.

Öldunganefnd:

Finnur Magnússon

Aganefnd:

Tryggvi Guðmundsson, formaður, Tryggvi Sigtryggsson.

Félagsstarf

Á þessum aðalfundi GÍ áttu að ganga úr stjórn: Guðni Guðnason, Kristján Ásgeirsson og Salmar Jóhannsson. Þeir samþykktu allir að gefa kost á áframhaldandi setu í stjórn.

Á árinu voru haldnir 7 stjórnarfundir, Formlegt starfsár Golfklúbbsins hófst með opnun golfvallar þann 12. maí.

Eftir endurskoðun á félagatali í lok sumars voru skráðir félagar í golfklúbbum 150 það er svipað og á síðasta ári. Aðsókn að golfvellið í sumar var að mjög góð en skráning í getabók var ekki í samræmi við aðsókn. Svipuð aðsókn var að golfvellið vegna einmuna veðurlíðu.

Starfsmannamál

Birgir Tomsen Karlsson var endurráðinn vallarstjóri en sagði upp með stuttum fyrirvara, Vilhjálmur Antonsson og Tryggvi Sigtryggsson ráðnir til að sjá um golfvöllinn. Einnig sá Finnur Magnússon um golfskálann. Auk þeirra voru 4 unglingar frá vinnuskólanum í vinnu á golfvellið í júní og júlí. Öllum þessum starfsmönnum er færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Verkefni í samvinnu við Ísafjarðarbæ

Samkvæmt samningi við HSV sá GÍ áfram um slátt og umhirðu þúttvallarins við Hlíf í sumar í góðri samvinnu við Félag eldri borgara. Þúttvöllurinn hefur aldrei verið í eins góðu ástandi eins og í sumar, enda hefur mikil vinna verið lögð í að laga kalskemmdir síðustu ára.

Æfingar og æfingaaðstaða

Það voru skipulagðar inniæfingar sem Grétar Eiríksson stjórnaði frá janúar til apríl 2017.Æfingaaðstaðan golfhermir og þúttvöllur sem voru sett upp í húsnæði 3x á Ísafirði. Og var þessi þjónusta opin fyrir félagsmenn. Nokkuð var um að aðstaðan væri notuð og eins voru eldri borgarar með þúttæfingar á laugardögum.

Barna -og unglinganefnd

Æfingar hófust fyrir börn og unglinga í byrjun júní, Anton Helgi tók að sér að kenna börnum og unglingum sumarið 2017.

Halda þarf enn betur utan um og efla barna-og unglingastarf til að ná til fleiri yngri kylfinga. Til þess þarf að kynna golfíþróttina enn betur í skólum, auka æfingar og mót yfir sumartímann.

Kvennastarf

Kvennastarf var í sumar eins og undanfarin ár. Skipulagðir voru golftímar fyrir konur á Þriðjudögum kl.17:00. Þessir tímar voru nokkuð vel sóttir.

Vallarmál

Golfvöllurinn hefur aldrei komið eins vel undan vetri en í maí 2017. Það var ekki mikill snjór á vellinum, það var spilað á vellinum í febrúar. Nokkrir eldri félagar voru duglegir að undirbúa völlinn fyrir sumarið og hefur það eflaust átt sinn þátt í því að völlurinn kom betur undan vetri.

Snemma vors voru allar flatirnar skornar upp og sáð í þær. Sú aðgerð tókst mjög vel, líklega vegna góðs hita í vor. Aftur voru tvær flatir skornar í júlí og sáð í þær. Árangurinn af þessum aðgerðum var mjög góður og eru flatirnar allar frábærar. Vonandi verður þessi vetur góður og við sleppum við kal þannig að flatirnar verði í góðu ástandi næsta sumar.

Áfram var unnin eftir uppbyggingaráætlun fyrir framkvæmdir á golfvellinum til næstu fimm ára, samkvæmt teikningu Hannesar Þorsteinssonar golfvallarhönnuðar sem samþykkt var á aðalfundi GÍ árið 2013. Í framhaldi af því var sótt um uppbyggingstyrk til Ísafjarðarbæjar, sem veitti golfklúbbum styrk upp á kr. 3.500.000. Unnið var eftir verkáætlun sem gerð var fyrir árið 2017. Búið er að stækka og lagfæra 6.flöt.

Ýmsar aðrar framkvæmdir voru á vellinum. t.d. var unnið nú í vor við lokun skurða á fjórðu og áttundu braut, fjórða braut var formuð og torf lagt á hana, einnig var torf sett á skurði á fjórðu og áttundu braut. Einnig var sett torf á fjórða teig.

Vinna við nýja brú á fjórðu tókst mjög vel. Unnið er að því að finna lausn til að lagfæra bleytusvæði á 9. braut. Vinnan við þessar framkvæmdir var að mestu leyti unnin af félagsmönnum og styrkt af velviljuðum fyrirtækjum á svæðinu. Án þessara fyrirtækja og styrks frá bæjarfélaginu að ógleymdum fjölmörgum félagsmönnum sem lögðu fram ómælda vinnu hefði ekki verið möguleiki að ráðast í allar þessar framkvæmdir í sumar. Öllum þessum aðilum er hér færðar sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag.

Vélamál

Ástand vinnuvéla klúbbsins er í nokkuð góðu lagi. Klúbburinn hefur yfir að ráða tveimur stórum brautavélum, röffvél, stórri flatarsláttuvél, hand-flatarsláttvél og tveimur minni vélum.

Golfklúbburinn þurfti að fjárfesta í nýrri röffvél fyrir 4.8. miljónir.

Golfara lögðust á eitt og söfnuðu fyrir útborgun vegna nýju 2006 árgerð af röffvél, fyrirtæki komu einnig til bjargar, sótt var um auka framlag hjá Ísafjarðarbæ og fékkst ein miljón.

Eins og tvö undanfarin ár hefur stjórnin rætt um að það þurfi að endurnýja vélakost klúbbsins. Mögulegt er að fjármagna kaupin að hluta með sölu á gömlu brautarvélinni. Til framtíðar þarf að gera áætlun um kaup á öðrum vélum til viðhalds golfvallarins.

Húsnæðismál

Á síðasta aðalfundi var m.a.rætt um hvort hægt væri að byggja aðstöðu fyrir golfsett undir sólpallinum þar sem mikill eftirspurn er eftir skápum. Því miður hefur ekkert meira verið unnið í þeim málum. Golfklúbburinn festi kaup á húsnæði við Mávagarð fyrir inni aðstöðu, æfingar og viðgerðir á vélum rúmast þar saman. Stærð og verð á nýju húsnæði við Mávagarði, 70 fermetrar jarðhæð og 63 fermetrar milliloft áætlað verð 12.000.000.kr

Mótahald

Mótahald var með svipuðu sniði og s.l. ár. Haldin voru 30 golfmót á vegum GÍ sem er 4 fleiri en árið áður. Fjölmennasta mótið var Íslandssaga með 46 keppendur en almennt var þátttaka í mótum heldur lakari en árið 2016. Alls voru 601 keppendur 2017 sem er 32 færri en árið 2016.

Meistaramót GÍ var haldið dagana 3. – 6. júlí. Keppt var í unglinga-, kvenna- og karlaflokkum. Keppendur voru 28 og eru það 9 fleiri en árið áður.

Meistarar Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2017 eru:

- | | |
|-------------------|-----------------------------|
| 1. flokkur karla: | Stefán Óli Magnússon |
| 2. flokkur karla: | Neil Shiran K Þórisin |
| 3.flokkur karlar: | Sveinbjörn Guðjón Magnason |
| Kvennaflokkur: | Anna Guðrún Sigurðardóttir |
| Unglingaflokkur: | Ásgeir Óli Kristjánsson |
| Öldungaflokkur: | Kristinn Þórir Kristjánsson |

Sveitakeppni GSÍ í 2. deild fór að þessu sinni fram í Borganesi. Sveit GÍ var að þessu sinni skipuð eftirtöldum kylfingum: Anton Helgi Guðjónsson, Auðunn Einarsson, Stefán Óli Magnúson, Ásgeir Gíslason, Janusz Pawel Duszak, Ófeigur Jóhann Guðjónsson, Karl Ingi Vilbergsson, Gunnsteinn Jónsson, liðstjóri Einar Gunnlaugsson og sá hann um allan undirbúning liðs GÍ fyrir keppnina. Sveit GÍ lenti í 4. sæti og spilar í 2. Deild á næsta ári.

Skálameistaramótin voru 12 og leikið var á fimmtudögum. Þátttakendur í þeim voru 190, en voru 197 árið áður. Mótin hófust kl. 18.30 og voru þátttakendur dregnir saman í lið og ræst út á öllum teigum. Markmiðið með þessum mótum er að nýliðar öðlist keppnisreynslu og fái tækifæri til að spila með sér reyndari kylfingum.

Skálameistarar GÍ 2017 eru:

- | | |
|----------------|---------------------|
| Kvennaflokkur: | Sólveig Pálsdóttir |
| Karlaflokkur: | Baldur Ingi Jónason |

Rekstur

Fjárhagsleg afkoma klúbbsins var mun betri en árið 2016, má þar sérstaklega þakka minni launakostnaðar, sjálfböðavinnu félagsmanna og stuðnings fyrirtækja á svæðinu, auk auknu aðhaldi stjórnar. Frekari skýringar og umfjöllun um reksturinn koma fram í reikningum klúbbsins sem lagðir verða fram hér á eftir.

Helstu tekjuliðir voru eins og áður félagsgjöld, flatargjöld, mótsgjöld, rekstur golfskála, styrktarsamningar og þjónustusamningur við HSV. Eins og áður greiðir Ísafjarðarbær laun fyrir einn starfsmann í 5 mánuði og lagði til vinnu 4 unglunga frá Vinnuskólanum.

Rekstur Golfklúbbs Ísafjarðar og golfvallarins í Tungudal er háður stuðningi margra aðila. Bæjarstjórn, fyrirtæki og einstaklingar hafa styrkt klúbbinn með magvíslegum hætti. Það er einnig mikill styrkur fyrir klúbbinn hvað margir félagsmenn eru tilbúnir að leggja fram sjálfböðavinnu við margvíslegar framkvæmdir á golfvöllum auk þess hvað það styrkir félagsstarfið.

Lokaorð.

Rekstur golfklúbbsins gekk að mörgu leyti vel í ár. Uppbygging og breytingar á golfvöllum hafa gengið mjög vel samkvæmt nýju skipulagi. Vonandi verður hægt að halda þeirri vinnu áfram og ljúka við uppbygginguna á næstu árum. Þá ætti golfvöllurinn í Tungudal að geta orðið einn af bestu 9 holu golfvöllum landsins.

Í skýrslu þessari hefur verið farið yfir starfsemi GÍ á liðnu starfsári. Ég þakka félagsmönnum sérstaklega árangursríkt og ánægjulegt samstarf svo og öðrum stjórnar- og nefndarmönnum

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér til formennsku í klúbbum eftir gott golf sumar.

16. nóvember 2017

Kristinn Þórir Kristjánsson, formaður GÍ

Íþróttafélagið Ívar

Starfsskýrsla Íþróttafélagsins Ívars, febrúar 2017 – mars 2018.

Starfsemi Ívars hefur verið með hefðbundnum hætti á þessu starfsári. Bocciaæfingar hafa verið 2x í viku og sundæfingar 3 x í viku og badminton 1 x í viku. Auk þess hafa verið þrekæfingar á laugardögum.

Góumót Kubba í boccia var haldið 8. mars og tók Ívar þátt í því. Að móti loknu var öllum boðið í kaffi í Naust.

Íslandsmót ÍF sveitakeppni í boccia og borðtennis, var haldið í Reykjavík helgina 31. mars til 1. apríl. Sendi Ívar keppendur í báðar greinarnar og gekk mjög vel. Var Þorsteinn Goði var í 3ja sæti í borðtennis, og Stína, Hidda, Gummi og Guðný voru í 1. sæti í 3.deild.

8.- 9. apríl tók Kristín þátt í Íslandsmóti ÍF í sundi 50m laug. Kom Kristín heim hlaðin verðlaunum og með tvö íslandsmet í farteskinu. Á þessu móti var í fyrsta sinn keppt í flokki S18 en það er flokkur sundmanna með Downs heilkenni.

Halldórs Högna mótið var haldið á Þingeyri þann 7. maí. 8 lið tóku þátt í mótinu þar af tvö frá Ívari og varð lið frá Ívari (Ívar 2) í 3. sæti.

Miðvikudag 24. maí var síðasta boccia og badminton æfing vetrarins, sundhópurinn kom og var með okkur og eftir ½ æfingu var boðið upp á pizzu og ís.

Hefðbundið vetrarstarf Ívars hófst í september með æfingum í sundi, boorðtennis og boccia.

Föstudaginn 15. september endurtókum við leikinn frá því í maí og sundhópurinn kom og spilaði boccia með okkur og á eftir var pizzuveisla og veittar voru viðurkenningar og bikarar fyrir síðastliðinn vetur. Að þessu sinni voru það Magnús og Emilía sem tóku á móti bikurum fyrir góða ástundun og frammistöðu.

12. – 15. október var Íslandsmót ÍF í einstaklingskeppni í boccia á Húsavík. Fóru eingöngu 5 keppendur frá Ívari að þessu sinni. Gekk ágætlega hjá liðsmönnum Ívars og komust Emilía og Magnús í úrslit.

22. október hélt Ívar fyrirtækjamót í boccia. Var þáttaka ágæt í mótinu en 37 lið voru skráð til keppni. Aðsókn að kaffihlaðborðinu hefur verið betri en vorum við óheppin að því leyti að vetrarfrí var í skólum kringum þessa helgi og margir í burtu.

Í þingkosningunum 26. október stóðu félagsmenn Ívars aftur vaktina og seldu merki og penna á kjörstað. Gekk salan á pennunum sérstaklega vel og eitthvað fór líka af merkjum.

Ársskýrsla 2017

29. október til 4. nóvember keppti Kristín á Evrópumeistaramóti DSISO í sundi í Frakklandi. Gekk henni mjög vel að vanda.

Í byrjun nóvember kom Halla frá ríkisútvarpinu og tók viðtal við Svövu Þjálfara og iðkendur í boccia. Það var mjög gaman að heyra síðan í þeim í útvarpinu.

11. og 12. nóvember tók Kristín þátt í landsliðsæfingabúðum ÍF í Reykjavík.

25. og 26. nóvember tók Kristín þátt í NM fatlaðra. Gekk henni vel að vanda og kom heim með brons í 50m bak og gull í boðsundi.

26. nóvember var haldið Magnúsarmót í boccia á Þingeyri. Ívar sendi 2 lið en alls tóku 6 lið þátt í mótinu. Voru lið Ívars í fyrsta og öðru sæti.

3. desember héldum við litlu jólin á Hótel Ísafirði og var það róleg jólastund þar sem við fengum okkur heitt súkkulaði og smákökur. Var það í boði Hótel Ísafjarðar, og jafnframt buðu þau okkur velkomin aftur að ári.

Það var langt jólafrí í boccia vegna lokunar á Íþróttahúsinu á Torfnesi, en sundæfingar héldu lengur áfram fram að jólum og einnig voru nokkrar badmintonæfingar í Bolungarvík.

19.-21. janúar tók Kristín þátt í landsliðsæfingabúðum ÍF í Reykjavík.

11. mars verður Góumót Kubba í boccia og ætlar Ívar að senda 3 lið til keppni.

13. apríl verður farið á Íslandsmót ÍF í boccia og borðtennis en Ívar mun senda keppendur í báðar greinar og helgina á eftir, eða þann 20. apríl, mun Kristín taka þátt í Íslandsmóti ÍF í sundi í 50 m laug.

Þess má geta að Ívar sendi inn tilnefningar til þátttöku á alþjóðaleika SO sem haldnir verða í Abu Dabi í mars á næsta ári, og voru Þorsteinn Goði og Guðmundur valdir til að fara og keppa í unified badminton. Spennandi verkefni þar.

Auk þess að selja merki og penna á kjörstað eins og kom fram hér að framan og Fyrirtækjamótsins sem er okkar stærsta fjáröflun, seldi Ívar jólakort en salan var mjög dræm í ár.

Einnig erum við að fá dósir af Júlíusi Geirmundssyni ÍS og Ásdísi ÍS ásamt því að frá flöskur og dósir frá vel viljuðum einstaklingum.

Harpa Björnsdóttir

Formaður Ívars

Stefnir

Stjórn Stefnis árið 2016

Á aðalfundi félagsins 5. apríl 2016 var kosin ný stjórn og er hún þannig skipuð:

Svava Rán Valgeirsdóttir formaður
Svala Sigríður Jónsdóttir ritari
Þorgerður Karlsdóttir gjaldkeri
Dominik Bochra meðstjórnandi
Tara Óðinsdóttir meðstjórnandi



Íþróttastarf 2017

Starf Stefnis var með nokkuð hefðbundnu sniði á síðasta starfsári. Boðið var upp á æfingar í blaki fyrir yngri börnin enda áhuginn mikill hjá þeim og árangur þeirra í íþróttinni góður. Íþróttaskóli HSV var öflugur á vorönn og var þá boðið upp á æfingar tvisvar sinnum í viku. Á haustönn gekk ekki eins vel og var aðeins boðið uppá blakæfingar einu sinni í viku sem Stefnir sá alfarið um. Þorgerður Karlsdóttir sá um blakæfingar og Stella Hjaltadóttir var með sundkennslu og leikjanámskeið. Á vorönn var Petra Dröfn Guðmundsdóttir með styrktaræfingar fyrir HSV – skólann. Ástrós Þóra Valsdóttir leysti hana af auk þess sem hún var aðstoðarþjálfari á sund- og leikjanámskeiði. Þormóður Logi Björnsson hélt utan um körfuboltann fyrir elstu krakkana. Aðaláhersla okkar í íþróttafélaginu Stefni er á almenna hreyfingu og að börnin finni gleðina við hreyfingu. Með því teljum við okkur vera að leggja grunninn að því að gera hreyfingu að lífsstíl seinna meir.

Námskeið á síðasta starfsári

Körfubolti: Á síðasta starfsári var boðið upp á körfubolta fyrir unglinga og fullorðna einu sinni í viku. Þormóður Logi Björnsson hafði umsjón með þeim tímum.

Blak: Boðið var upp á blaktíma fyrir börn í 3. – 5. bekk á síðasta starfsári. Æfingar voru tvisvar sinnum í viku yfir vetratímam. Á haustönn var ákveðið farið að bjóða líka uppá tíma fyrir 1. – 3. bekk einu sinni í viku. Þorgerður Karlsdóttir þjálfaði blakið en Tihomir Paunovski þjálfaði með henni einu sinni í viku.

Fjölskyldutími í íþróttahúsinu: Foreldrum og börnum var boðið upp á frjálsan tíma í íþróttahúsinu einu sinni í viku. Markmiðið með þessum tímum er að börn og foreldrar hafi tækifæri á því að stunda hreyfingu saman. Tímarnir hafa verið nokkuð vel nýttir og alltaf einhverjir foreldrar sem nýta þennan frjálsa tíma í húsinu með börnum sínum.

Sundnámskeið: Í sumar var boðið upp á sundnámskeið fyrir börn á aldrinum 4 – 12 ára. Um var að ræða námskeið sem var í 10 skipti og haldið var í júní. Mjög góð þátttaka var í námskeiðinu, átta börn voru í yngri hópnum og tólf börn í þeim eldri. Þjálfari var Stella Hjaltadóttir íþróttakennari og jafnframt var Ástrós Þóra Valsdóttir

fengin til að vera henni til aðstoðar þar sem fjöldi barna var það mikill í eldri hópnum. Getubreidd var mikil í hópnum en með því að vera með tvo þjálfara var hægt að sinna hverju barni betur. Með yngri hópnum er alltaf einn kennari frá leikskólanum með Stellu og hefur gott samstarf verið milli leikskólans og íþróttafélagsins.

Leikjanámskeið: Í sumar buðum við upp á leikjanámskeið og er það alltaf mjög vinsælt hjá krökkunum. Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 7–14 ára og var um að ræða átta skipti frá kl. 12.30 – 15.30. Margt skemmtilegt var gert á námskeiðinu, má þar nefna gönguferðir, fjöruferð, ratleiki, ferð í Raggagarð, veiði á bryggjunni og útibingó. Mjög góð þátttaka var í leikjanámskeiðinu í sumar en 22 börn voru skráð á námskeiðið. Umsjónarmaður var Stella Hjaltadóttir íþróttakennari en þar sem námskeiðið var sérstaklega vinsælt í ár var Ástrós Þóra Valsdóttir fengin til að kenna með henni.

Leikja- og samverukvöld: Sl. sumar voru haldin tvö leikja- og samverukvöld á vegum félagsins. Þátttaka var góð og þeir sem mættu skemmtu sér mjög vel. Farið var í ýmsa skemmtilega leiki saman, þar sem bæði börn og foreldrar tóku þátt.

Íþróttaskóli HSV: Á vorönn var boðið upp á tíma í íþróttaskólanum tvisvar sinnum í viku fyrir börn í 1. – 4. bekk. Á mánudögum var boðið uppá boltagreinar og sá HSV- um skipulagið á þeim tímum. Var m.a. boðið uppá blak og körfubolta. Á miðvikudögum var grunnþjálfun en í henni felst almenn hreyfing, leikir, þrautabrautir og fleira skemmtilegt. Þjálfari var Petra Dröfn Guðmundsdóttir en Ástrós Þóra Valsdóttir og Þorgerður Kalsdóttir leystu hana af þegar þess þurfi. Skipulag á HSV skólanum var gott á vorönn en því miður tókst ekki eins vel með haustönnina. Aðeins var boðið upp á æfingar einu sinni í viku og byrjuðu tímarnir ekki fyrr en í október. Stefnir tók að sér að vera með þjálfun fyrir HSV skólann einu sinni í viku þar sem boðið var upp á blak og sá Þorgerður Karlsdóttir um þá þjálfun. Hins vegar tókst HSV skólanum ekki sjá um sinn tíma sem átti að vera einu sinni í viku. Stjórn Stefnis harmar það ekki hafi tekist að bjóða upp á þjálfun tvisvar sinnum í viku á vegum HSV skólans á haustönninni.

Boot Camp: Á vorönn var boðið var uppá Boot Camp fyrir 18 ára og eldri. Boot Camp er góð leið til að komast í alhliða form og eru æfingarnar hannaðar til að ögra andlega og líkamlega svo að hámarks árangur náist. Í Boot Camp er lagt mikið upp úr hópefli, gleði og hvatningu á æfingum. Nokkuð góð þátttaka náðist en Sara Hrund Signýjardóttir sá um þjálfun.

Mót og uppákomur á vegum félagsins

Víðavangshlaup: Að venju stóð félagið fyrir víðavangshlaupi þann 17. júní. Í ár var meðþátttaka í hlaupinu en alls hlupu 76 manns á öllum aldri. Veitt voru verðlaun fyrir sjö flokka. Hlaupið var frá Kleifinni í Súgandafirði, alls 2 km. Um er að ræða mjög skemmtilegt fjölskylduhlaup, þar sem allir geta tekið þátt.

Öskudagsball: Að venju var haldið Öskudagsball í félagsheimilinu í samvinnu við foreldrafélag Grunnskólans. Kötturinn var sleginn úr tunnunni og tunnukóngur var kringdur. Farið var í skemmtilega leiki með börnunum og dansað. Boðið var upp á Svala

og Prins póló auk þess sem allir fengu smá gjafir í lokin. Mæting á ballið var mjög góð, börn og foreldrar duglegir að mæta í búningum og allir skemmtu sér vel saman.

Stefnisganga: Í ár var farið í göngu yfir Klofning, sem er gömul gönguleið frá Öfundarfirði til Súgandafjarðar. Gengið er upp Klofningsdal og yfir í Sunndal Súgandafjarðarmegin. Það var níu manna hópur sem lagði af stað í ferðina í frábæru veðri. Valur Sæþór Valgeirsson leiddi hópinn og kunnum við honum bestu þakkir fyrir það.

Zumba – party: Hildur Sólveig Elvarsdóttir bauð Súgfirðingum í hressandi Zumba party í íþróttahúsinu sl. sumar. Þátttökukostnaður var 1.000kr og rann allur ágóðinn til Stefnis. Mæting var mjög góð og þökkum við Hildi Sólveigu kærlega fyrir að hafa frumkvæði af þessari skemmtilegu fjáröflun.

Gamlárssprikli: Boðið var uppá skemmtilegan hreyfitíma laugardaginn 30. des. fyrir fólk 16 ára og eldri. Voru allir hvattir til að mæta og eiga skemmtilega hreyfistund saman á næst síðasta degi ársins. Ekki er hægt að segja að fólk hafi fjölmennt, en þeir sem mættu höfðu gaman af. Sara Hrund Signýjardóttir sá um tímann.

Fræðsla fyrir foreldra, iðkendur og þjálfara

HSV- bauð öllum aðildarfélögum upp á fyrirlestra hjá Vöndu Sigurgeirsdóttur 16. og 17. ágúst. Vanda er með meistaragráðu í uppeldis- og menntunarfræði og leggur nú stund á doktorsnám þar sem viðfangsefnið er einelti. Forvarnir vegna eineltis eru hennar hjartans mál og hefur hún haldið fræðsluerindi fyrir börn og foreldra víða um land. Þá hefur hún einnig starfað sem knattspyrnuþjálfari í um 30 ár. Námskeiðin voru sérsniðin að þörfum, foreldra, iðkenda og þjálfara.

Þátttaka á mótum

Stefnir tók þátt í einu móti á síðasta starfsári, en það var Íslandsmótið í blaki sem var haldið á Ísafirði. Stefnir sendi tvö lið á mótið auk þess að eiga krakka í liði undir merki Vestra. Æft var af fullum krafti fyrir mótið og gekk krökkunum mjög vel. Stefnir 6. flokkur vann alla sína leiki en í þeirra deild eru ekki verðlaunasæti heldur fá allir þátttökuverðlaun. Lið Stefnis í 5. flokki lenti í 3. sæti og í 4. flokki varð Vestri Íslandsmeistari en í því liði eigum við fimm súgfirska leikmenn. Það er því ekki annað hægt að segja að það sé kraftur í blakkrökkunum okkar.

Fjáröflun

- Aðalfjáröflun félagsins er í formi dósa- og flöskusöfnunar. Á hverju ári eru farnar nokkrar ferðir um þorpið til þess að safna dósum. Þess á milli getur fólk sjálft farið með flöskur og dósir í skúrinn okkar við íþróttavöllinn. Fisherman hefur gefið okkur þær dósir og flöskur er til falla hjá fyrirtækinu, gegn því að við sjáum um að tæma dósakarið hjá þeim. Hefur það samstarf gengið vel. Undanfarið höfum við verið svo heppin að fá að flokka dósir og flöskur í Bryggjukoti hjá Valla og Þóru

og kunnum við þeim bestu þakkið fyrir það. Við viljum þakka þeim sem styðja félagið á þann hátt að gefa okkur flöskur eða dósir.

- Áramótahreinsun var farin fljótlega eftir áramótið en þá er hreinsað það rusl sem til fellur vegna flugelda um áramótið. Frekar fámennt var að þessu sinni, en hreinsunin gekk þó fljótt fyrir sig. Greitt er fyrir áramótahreinsun í gegnum þjónustusamning Ísafjarðarbæjar við HSV.
- Hreinsunardagur Stefnis er árlega en þá er tínt upp allt rusl í þorpinu, farið í kringum Lónið og fjaran hreinsuð. Í ár var einnig farið út fyrir brjótinn og tínt upp járnabrák úr fjörunni. Mæting er alltaf góð á þessum degi enda gaman að koma saman og fegra bæinn sinn. Boðið var uppá pylsur og Svala að lokinni hreinsun.
- Á Sæluhelginni var félagið með pylsusölu til fjáröflunar. Foreldrar og börn sáu um sölu.

Styrkir sem félagið veitti á árinu

- Styrkir úr dósasjóð: Hægt er að sækja um styrki í dósasjóð Stefnis en þeir sem sækja um styrk þurfa að hafa tekið þátt í dósasöfnun félagsins. Nokkuð var um að sótt var um styrki til að sækja mót innanlands. Styrkurinn er hærri ef foreldri tekur einnig þátt í dósasöfnun. Félagið er stolt af því að geta á þennan hátt stutt íþróttaiðkun barna í Súgandafirði.
- Félagið veitti styrk fyrir flugi til barna sem voru að sinna landsliðsverkefnum.
- Sóldís Björt Leifsdóttir Blöndal fékk styrk til að taka þátt í landsliðsverkefni en félagið hefur sett sér það markmið að styrkja rausnalega þá iðkendur sem eru í fyrsta sinn að taka þátt í landsliðsverkefni.

Árangur krakka frá Suðureyri í íþróttum

- Daði Freyr Arnarsson var á sl. ári tilnefndur sem íþróttamaður Ísafjarðarbæjar af liði sínu. Hann hefur einnig tekið þá í þónokkrum landsliðsverkefnum í fótbolta.
- Katla Vigdís Vernharðsdóttir var valin í U-17 landslið í blaki. Keppti hún fyrir hönd Ísland á móti í Tékklandi í byrjun árs 2018. Þetta er í annað skipti sem hún er valin í U-17 landsliðshópinn í blaki.
- Sóldís Björt Leifsdóttir Blöndal var valin í U-17 landsliðshópinn í blaki. Keppti hún fyrir hönd Íslands á móti í Tékklandi í byrjun árs 2018.
- Hjördís Harðardóttir hefur verið valin í æfingahóp U-16 landsliðs í körfubolta.

Óskum við öllum þessum krökkum innilega til hamingju með árangur sinn á síðasta ári og er félagið virkilega stolt af þessum súgafirsku krökkum.

Viðurkenning frá HSV

Svava Rán Valgeirsdóttir formaður var sæmd silfurmerki á þingi HSV fyrir vel unnin störf fyrir Stefni í gegnum árin.

Styrkir til félagsins

Orkubú Vestfjarða gaf 50.000 kr. styrk til samfélagsverkefna, en Stefnir sótti um styrk til að setja upp útihreystisvæði á Suðureyri. Fyrirhugað er að hefjast handa við það verkefni sumarið 2018.

Umsókn um uppbyggingarsamning

Stjórn Stefnis ákvað á síðast starfsári að óska eftir verkefnasamning við Ísafjarðarbæ um uppsetningu á útihreystitækjum á Suðureyri. Verkefnasamningur við Ísafjarðarbæ virkar á þann hátt að við leggjum fram vinnu og fjármagn í verkefnið en síðan kemur Ísafjarðarbær á móti með fjárstyrk. Ísafjarðarbær tók mjög vel í þetta verkefni og gerði ráð fyrir fjármagni á árinu 2018.

Framkvæmdir

Keyptar voru hurðir á dósaskúrinn okkar sem hafa þó ekki verið settar á ennþá þegar þetta er skrifað, en það stendur til bóta.

Svava Rán Valgeirsdóttir
Formaður Stefnis.

Kubbi - Íþróttafélag eldri borgara á Ísfirði

Árið 2017 hófst á hefðbundin hátt með æfingum í Boccia og sundleikfimi. Boccia var æft í Íþróttahúsinu Tofnesi, þrisvar í viku, jan. – maí og okt. – des. eins og undan farin ár. Þjálfari í Boccia var Jens Kristmannsson.

Sundleikfimin var í Sundhöll Ísafjarðar tvisvar í viku. Þjálfari þar er Rannveig Pálsdóttir. Að jafnaði eru 15 - 20 konur sem stunda sundleikfimi í tímum félagsins, en eru þó ekki allar félagar í Kubba. Kubbi fær tíma fyrir sundleikfimina hjá H.S.V. Óskandi væri að þær konur sem stunda sundleikfimi, væru allar félagar í Kubba, þó ekki væri nema til að styrkja félagið. Flestar konurnar eru félagar í Félagi eldri borgara.

Bocciamót.

Bocciamótin sem Kubbi hefur tekið þátt í eru. Minningarmót um Guðrúnu Guðmundsdóttur á Þingeyri og Halldórs Högnamót, Ívars, sem haldið er á Þingeyri. Lið Kubba urðu í 1. og 2. sæti á Minningarmóti Guðrúnar og lið Kubba urðu í 1. 2. og 3. Sæti, í Halldórs Högnamóti, Ívars.

Góumót Kubba var haldið 11. mars. Lið Kubba urðu í 1. og 3. sæti en lið frá Höfrungi í 2. sæti. Nokkur æfingamót voru haldin yfir veturinn bæði liðakeppni og tvímenningur. Íþróttafélagið Ívar hélt fyrirtækjamót í Boccia og aðstoðuðu félagar úr Kubba þar við

dómgæslu. Rétt er að geta þess að félagar úr Ívari aðstoðuðu við dómgæslu hjá okkur á Góumótinu.

Að jafnaði eru 14 til 16 sem stunda æfingar í Boccia hjá Kubba.

Púttvöllurinn.

Völlurinn var tekin í gegn, eins og á hverju vori og lagfærður eins og hægt var. Golfklúbbur Ísafjarðar, sér um það að því leiti að koma honum í gagnid á hverju vori, svo og að slá einu sinni í viku yfir sumarið. Að þessu sinni var hann skorinn, sópaður og sandaður og síðan sáð í hann og borinn á áburður. Vilhjálmur Matthíasson, frá Golfklúbbnum, hefur oftast komið að þessu ásamt okkar mönnum þeim Reyni Péturssyni, Finni Magnússyni og Halldóri Margeirssyni, sem einningu eru félagar í Golfklúbbnum. Nokkrir aðrir félagar úr Kubba aðstoðuðu við verkið.

Stjórn félagsins ákvað í samráði við féлага að lagfæra umhverfið við Púttskálann, en þar sem skálinn er í eigu Félags eldri borgara, en samt verið í umsjón okkar undan farin ár, var leitað eftir þátttöku þeirra við verkið. Einnig var sótt um styrk í Umhverfissjóð UMFÍ – Minningasjóð Pálma Gíslasonar. Fékkst styrkur þaðan að upphæð kr. 150.000,-. Hlutdeild Félags eldri borgara í verkinu, sem er helmings kostnaður við aðkeypta vinnu og efni var kr. 122.087,-. Samið var við Hávarð Bernharðsson, smið, um að hann hefði yfir umsjón með verkinu. Það sem gert var. Pallurinn stækkaður til muna, reistur sjólveggur og fluttur til gróður og/eða fjarlæður og að lokum keypt fánastöng og sett upp við völlinn. Verkið var í öruggum höndum þeirra Kristjáns Kristjánssonar, Halldórs Ásgeirssonar og Reynis Péturssonar nokkrir fleiri félagar komu að verkinu. Síðan hjálpuðu konurnar við að bera á pallinn og skjólvegginn. Þær Árný Oddsdóttir og María Hagalínisdóttir færðu smiðunum kaffi. Eins og sjá má á forsiðu skýrslunnar, er ekki hægt annað að segja en að vel hafi tekist til. Um uppsetningu og kaup á fánastöng, sá Reynir Pétursson alfarið um. Dagleg umsjón Púttvallarins var í höndun Reynis Péturssonar, sem sá um að vökva og snyrta kanta þanning að völlurinn liti sem best út. Hreinsun á beðum hefur að mestu leiti verið á okkar vegum. Stjórn félagsins þakkar Reyni fyrir hans umsjón með Púttvöllum og umhverfi hans. Um daglega opnun og lokun Púttvallar sáu þeir, Reynir Pétursson og Finnur Magnússon, en aðrir félagar Kubba skiptu milli sín opnun og lokun um helgar. Á árinu 2017 komu á Púttvöllum og skráðu 1934 sig í gestabók vallarins.

Pútt.

Strax og hægt var hófust æfingar í Pútti, eða um leið og völlurinn okkar var tilbúinn. Haldið var opnunarmót í pútti, þann 24. maí, sem jafnframt var minningarmót um Inga Magnfreðsson og var að því loknu slegið upp veislu á nýja pallinum, ekki var annað að sjá og heyra en allir væru ánæðir með nýja umhverfið.

Félagsmót okkar í Pútti voru auk þess sem áður er getið 6 og fylgja helstu úrslit þeirra hér með í lok skýrslunnar.

Ársskýrsla 2017

Félag eldri borgara afhenti Kubba til umráða tvo verðlaunabikara í Pútti, sem ekki höfðu verið notaðir, skyldi nota grip þessa sem verðlaun í Parakeppni í Pútti (Samkaupsbikarinn) og sem verðlaun fyrir Púttmeistara eldri borgara. Til verðlauna sem Púttmeistari yrði tekin saman úrslit í tilteknum mótum, sem stjórn Kubba gæfi út, hver yrðu í upphafi keppnistímabils.

Finnur Magnússon.

Púttmeistari eldri borgara 2017 var

Mótsstjórar á Púttmótum okkar s.l. ár voru: Reynir Pétursson, Finnur Magnússon og Jens Kristmannsson.

Landsmót UMFÍ 2017.

Eins og undanfarin ár fóru félagar úr Kubba á Landsmót UMFÍ 50+ , sem að þessu sinni var haldið í Hveragerði, hópurinn saman stóð af 23 einstaklingum, keppendum og mökum, en keppendur Kubba voru 16. Er kepptu í Boccia, Pútti, Golfi og stígvélakasti. Gist var á Hjarðarbóli sem er sveitahótel í Ölfusi. Árangur keppenda, var svona upp og ofan, en samt komu í okkar hóp 3 verðlaun. Ekki verður hjá því komist að segja, að framkvæmd mótsins hafi ekki öll verið eftir settum reglum. Dómarar og aðrir starfsmenn höfðu ekki nóga þekkingu eða getu til að sinna sínum störfum og fór því margt öðruvísi en eðlilegt mætti teljast.

Íslandsmót FÁÍA í Pútti.

Fimm félagar úr Kubba tóku þátt í Íslandsmóti FÁÍA, sem haldið var í Garðabæ að þessu sinni. Varð sveit Kubba, sem í voru Finnur Magnússon, Reynir Pétursson, Sigríður Þórðardóttir og Heiðar Guðmundsson í 7. sæti.

Ýmis mál.

Stjórn H.S.V. óskaði eftir því að Kubbi tæki að sér veitingar á ársþingi H.S.V., sem haldið var í maí. Hafsteinn Vilhjálmsson tók að sér að sjá um súpuna og aðrir félagar bökuðu brauð og kökur og sáu um framreiðlu á þinginu. Fyrir verkið fékk félagið kr. 150.000,-

Eina skipulagða fjáröflun félagsins á árinu var Fyrirtækjamótið í Pútti í því tóku þátt 21 fyrirtæki eða félag. Fyrirtækin greiða til félagsins kr. 5000,- að lámarki fyrir þátttökuna, en félagar úr Kubba keppa fyrir þau og er dregið um hver keppir fyrir hvern, þó er fyrirtækjunum heimilt að senda sinn keppanda, sem er 60+ ára. Sigurvegari 2017 varð Fos.Vest. keppandi Heiðar Guðmundsson.

Á öllum Púttmótum okkar eru kaffi veitingar í mótslok og greiða keppendur kr. 500,- í mótsgjald sem er fyrir veitingum og verðlaunum.

Á starfsárinu voru haldnir 2 stjórnarfundir og nokkrir óformlegir fundir, í tengslum við framkvæmd móta og annara viðburða sem félagið var þátttakandi í.

Stjórn félagsins var þannig skipuð síðastliðið ár:

Formaður; Sigríður Þórðardóttir,

varaformaður; Finnur Magnússon,

ritari; Árný Oddsdóttir,

gjaldkeri; María Hagalínsdóttir,

meðstjórnandi; Kristján Kristjánsson,

Varastjórn skipuðu: Reynir Pétursson, Gunnar Veturliðason,
Gunnlaugur Gunnlaugsson.

Að lokum þakkar undirrituð stjórn og félagsmönnum, sem og öðrum velunnurum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu, með von um að svo verði áfram.

Ísafirði 9. apríl 2018.

Sigríður Þórðardóttir, formaður

Skotíþróttafélag Ísafjarðar

Aðalfundurinn var haldinn 26.01 og var sama stjórn kjörin til áframhaldandi starfa. Stjórn SÍ er skipuð eftirfarandi.

Guðmundur Valdimarsson formaður, Björn Bergsson varaformaður, Jón Guðni Pálmason ritari, Rafn Pálsson gjaldkeri, Valur Richter meðstjórnandi

2017 var ár áframhaldandi uppbyggingar á Torfnesi. Samstarfssamningur við Ísafjarðarbæ gerði okkur kleift að koma miklu til leiðar með frágang og betrubætur á húsnæðinu og búnaði.

Æfingaaðstaðan var vel nýtt og var æft stíft bæði í bogfimi og skotfimi.

Jafnt og þétt fjölgar félagsmönnum þó alltaf sé eitthvað um úrsagnir úr félaginu.

Að venju var haldið skíðaskotfímimót í skíðavíkunni og nú sem endranær var þátttaka með ágætum.

Fastir æfingatímar voru á miðvikudagskvöldum á Dagverðardal og var mjög góð mæting á þær auk þess sem eitthvað var um að hópar fengju aukaæfingar á haglabyssuvellinum. Æfingar eru alla virka daga á Torfnesi. Æfingatöflu er að finna á facebook síðu félagsins.

Á árinu voru haldin fjögur landsmót í skotfimi í aðstöðu okkar á Torfnesi og voru allir bestu skotmenn og konur landsins mættir til keppni. Okkar menn stóðu sig vel og lönduðu mörgum verðlaunum í ýmsum flokkum skotfiminna bæði í skammbýssu og riffilgreinum á árinu.

Af okkar félögum náði bestum samarlögðum árangri í kúlugreinum og haglagreinum, Leifur Bremnes. Hann tók þátt í nokkrum landsmótum í skammbýssu og riffilskotfimi á árinu með góðum árangri og vann til margra verðlauna bæði í skammbýssu og riffilgreinum. Hann er því skotíþróttamaður ársins hjá Skotíþróttafélagi Ísafjarðarbæjar og var tilnefndur til íþróttamanns Ísafjarðarbæjar.

Félagið hefur nú yfir að ráða 8 sveigbogum og 3 rifflum sem fólk getur leigt til æfinga. Búið er að koma í gagnid nýjum og betri bogfimimörkum sem eru frábær í alla staði og auka gæði æfinga til muna.

Þess má geta að vinsælt hefur verið hjá starfsmannafélögum og vinahópum að koma og halda skemmtimót í bogfimi og skotfimi i glæsilegri aðstöðu félagsins við Torfnesvöll.

Enginn vafi leikur á að framtíð félagsins er björt og gaman verður að fylgjast með og vonandi taka þátt í nýjum afrekum í framtíðinni.

Fyrir hönd stjórnar SÍ. Guðmundur Valdimarsson.

Vestri Íþróttafélag



Aðalstjórn

Inngangur

Öðru starfsári Íþróttafélagsins Vestra er nú lokið. Ef notuð væri samlíking við kornabörn, ætti félagið á árinu að hafa lært að ganga nokkuð styrkum fótum og eflaust sæist í nokkrar tennur. Samlíkingin er kannski ekki svo vitlaus, því ný íþróttafélög þurfa að þroskast og læra nýja siði rétt eins og barnið. Verkferlar þurfa að slípast, samskipti stjórnna að taka á sig mynd og reglur og umgjörð félagsins að birtast.

Á fyrsta aðalfundi aðalstjórnar Vestra, þann 22. maí 2017 voru eftirtaldir kosnir í aðalstjórn:

Til eins árs;

Hjalti Karlsson, formaður

Til tveggja ára;

Guðfinna Hreiðarsdóttir

Sigurður Jón Hreinsson

Pétur Markan

Varamaður til eins árs:

Jónas Gunnlaugsson

Jóna Lind Kristjánsdóttir

Fyrir voru í stjórn

Gísli Jón Hjaltason

Guðni Guðnason

Sólrún Geirsdóttir

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 9. júní skipti stjórn með sér verkum á sama hátt og fyrsta starfsárið, þ.e. Guðfinna Hreiðarsdóttir varaformaður, Guðni Guðnason gjaldkeri og Sigurður Jón Hreinsson ritari. Á öðru starfsári sínu kom aðalstjórn saman til fundar níu sinnum að aðalfundi þessum meðtöldum. Fundað var eftir þörfum og aðstæðum en tölvusamskipti einnig nýtt til starfsins en fjarvera formanns vegna vinnu hafði veruleg áhrif fjölda funda. Í þessari starfsskýrslu aðalstjórnar verður einungis tæpt á nokkrum viðfangsefnum stjórnarinnar. Vísast að öðru leiti í fundargerðir aðalstjórnar á heimasíðu félagsins og starfsskýrslur deilda.

Fjölnota knattspyrnuhús

Málefni fjölnota íþróttahúss eða knattspyrnuhúss hefur þokast undanfarið ár en nokkuð hægt þó. Fulltrúar Vestra hafa ásamt fulltrúum annarra félaga setið þrjá fundi með bæjaryfirvöldum um málið. Skipulagsmál á Torfnesi töfðust nokkuð vegna athugasemda sem fram komu en eru nú í höfn. Aftur komu upp raddir um að betur færi á að slíkt hús væri við hlið íþróttahússins á Torfnesi. Eftir að fulltrúar bæjarins höfðu ásamt fulltrúum félaganna aflað gagna um kosti og galla þeirrar lausnar var komist að sameiginlegri niðurstöðu um að ódýrast og best væri að húsið yrði staðsett á gamla gerfigrasvellingnum. Það var einnig niðurstaðan í skýrslu Vestra frá júní 2016. Nú í apríl kom til fundar sérfræðingur frá Verkís sem hefur mikla þekkingu og reynslu af hönnun slíkra húsa. Í framhaldi af þeim fundi voru lögð fyrstu drög að kröfufýsingu nýs húss sem á eftir að vinna áfram áður en eiginleg hönnun hússins hefst. Enn er von til að hafist verði handa á haustdögum 2018.

Vallarhús

Í desember síðastliðnum var skrifað undir samning við Ísafjarðarbæ um fullan afnotarétt Vestra af efri hæð Vallarhúss á Torfnesi. Samkomulagið felur í sér að félagið hefur heimild, í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja, til framkvæmda á hæðinni sem miða að því að gera húsið notendavænna. Félagið sér um að halda hæðinni snyrtilegri og hreinri og ber að heimila öðrum íþróttafélögum aðgang. Ísafjarðarbær sér til þess að á næstu tveimur árum verði komið fyrir salernum á efri hæð hússins og greiðir rafmagn og hita af húsnaðinu. Skipuð hefur verið húsnefnd sem í eru ásamt formanni aðalstjórnar; Jóhann K. Torfason, Ágúst Atlason og Guðmundur Einarsson.

Siðamál - #MeToo

Í byrjun árs logaði íslenskt samfélag þegar innlendar íþróttakonur sögðu frá kynbundnu ofbeldi og áreitni í tengslum við íþróttaiðkun sína. Um líkt leyti var hafin vinna í aðalstjórn varðandi jafnréttisstefnu og siðareglur félagsins. Þann 9. mars samþykkti aðalstjórn yfirlýsingu um málefnið og birti á heimasíðu félagsins. Efni frá ÍSÍ um málefnið hefur einnig verið gert aðgengilegt á heimasíðu félagsins. Menntamálaráðuneytið setti á laggirnar starfshóp sem skipaður er fulltrúum ÍSÍ og UMFÍ og hefur vinna verið í gangi sem aðalstjórn hefur fylgst með í gegnum HSV. Er þess að vænta að á næstu vikum muni koma fram nýjar verklagsreglur og ferlar sem íþróttafélögin í landinu geta nýtt þegar alvarleg tilvik koma upp í starfinu.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur sent frá sér viljayfirlýsingu þess efnis að fjárveitingar til íþróttafélaga og annarra félagasamtaka sem bjóða upp á frístundaiðkun fyrir börn og unglinga, verði skilyrt því að félögin setji sér siðareglur og viðbragðsáætlanir og fræði þjálfara og umsjónarfólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Félögin skulu tilgreina trúnaðarmann í viðbragðsáætlun. Einnig skulu þeir sem Ísafjarðarbær

styrkir hafa jafnréttisáætlun og skýra aðgerðaráætlun sem unnið er eftir. Ísafjarðarbær hefur eftirlit með því að fyrrgreind atriði séu uppfyllt. Þótt aðgerðaráætlun gegn ofbeldi hafi ekki legið fyrir, taldi stjórn félagsins brýnt að skipa strax trúnaðarmann sem hefur það hlutverk að taka við tilkynningum um ofbeldisbrot og koma slíkum málum í viðeigandi ferli. Hefur Birna Lárusdóttir, formaður barna- og unglingaráðs körfuknattleiksdeildar Vestra, samþykkt að taka að sér þetta trúnaðarstarf og vill aðalstjórn þakka henni það. Aðalstjórn hefur unnið uppkast að siðareglum og jafnréttisstefnu félagsins sem send verður deildarstjórnnum á næstunni til umfjöllunar.

Starf deilda

Blak

Starf blakdeildar var með miklum blóma á árinu. Iðkendur í yngri flokkum aldrei verið fleiri og meistaraflokkar stóðu sig með prýði á Íslandsmótinu í 1. deild. Deildin eignaðist bikarmeistara, þegar 4. flokkur drengja vann sinn leik á bikarúrslitahelgi Blaksambandsins, en 3. flokkur, sem spilaði á sömu úrslitahelgi varð að játa sig sigraða. Meistaraflokkur kvenna endaði í 5. sæti í 1. deild en karlaliðið endaði í 2. sæti.

Knattspyrna

Árangur meistaraflokks karla í knattspyrnu var undir væntingum. Breytingar í þjálfarateymi áttu sér stað um mitt sumar en á haustmánuðum var Bjarni Jóhannsson ráðinn þjálfari liðsins. Starf yngri flokka var í föstum skorðum og fjölgaði iðkendum lítillega frá fyrra ári. Þórður Gunnar Hafþórsson spilaði sína fyrstu landsleiki en hann var fastamaður í liði meistaraflokks. Aðstöðuleysi er knattspyrnudeildarfólki hugleikið og telur það farið að sjá mikinn mun á getu yngri flokka, sérstaklega snemmsumars, okkar iðkenda og þeirra sem æfa orðið árið um kring í yfirbyggðum knattspyrnuhúsum.

Körfuknattleikur

Starf deildarinnar var afar kröftugt á árinu og árangur prýðilegur. Meistaraflokkur karla gekk vel, sérstaklega framan af tímabili, komust í umspil um að fara í úrvalsdeild en töpuðu naumlega þremur leikjum fyrir Breiðablik. Almenn bjartsýni ríkir um framtíð deildarinnar og hillir í að á næstu tveimur árum verði aftur hægt að tefla fram meistaraflokki kvenna hjá félaginu sem ber að fagna. Aldrei hafa fleiri yngriflokkar komist í a-riðla og Vestri átti 10 leikmenn í æfingahópum yngri landsliða þetta vorið sem er mikið fagnaðarefni.

Sund

Nær enginn starfsemi var hjá sunddeild félagsins á starfsárinu og er það miður í ljósi sterkrar hefðar sundíþróttarinnar í bænum. Innan íþróttaskóla HSV var hinsvegar boðið uppá sundþjálfun. Lítilsháttar þreifingar voru um samstarf eða samvinnu við sunddeild í Bolungarvík en enginn alvöru hreyfing komst þó á það mál.

Körfuknattleiksdeild Vestra

Starfsemi stjórnar

Á síðasta aðalfundi KKD. Vestra voru eftirfarandi kjörin í stjórn. Ingólfur Þorleifsson formaður. Sveinn Rúnar Júlíusson, Birna Lárusdóttir, Ingi Björn Guðnason og Birgir Örn Birgisson. Til vara voru kjörnir Magnús Þór Heimisson, Guðmundur Einarsson og Harpa Guðmundsdóttir. Á fyrsta fundi skipti stjórn með sér verkum og var Sveinn kjörinn gjaldkeri og Ingi Björn ritari. Aðalstjórn fundaði eftir þörfum á tímabilinu. Mál voru einnig unnin í gegnum samfélagsmiðla og tölvupósta. Stjórn skipulagði fjáraflanir og hélt utan um rekstur meistaraflokks karla og unglingaflokks, en rekstur yngri flokka félagsins var í höndum Barna og unglingaráðs.

Helstu fjáraflanir ársins voru samstarfssamningur við HSV vegna 17. júní hátíðarhalda. Körfuboltabúðir Vestra. Klósettpappírsala. Vinna við Aldrei fór ég suður og fleiri smærri fjáraflanir. Þessum fjárflynum væri ekki hægt að halda úti án vinnu sjálfbóðaliða og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir þeirra ómetanlega framlag.

Meistaraflokkur karla

Yngvi Páll Gunnlaugsson yfirbjálfari Kkd. Vestra stýrði meistaraflokki félagsins.

Meistaraflokkur karla 2017-18

Adam Smári Ólafsson Miðherji

Gunnlaugur Gunnlaugsson Framherji

Helgi Bergsteinsson Bakvörður

Björn Ásgeir Ásgeirsson Bakvörður

Ingimar Aron Baldursson Bakvörður

Hinrik Guðbjartsson Bakvörður (venslasamningur)

Nebojsa Knezevic Bakvörður

Nemanja Knezevic Miðherji

Nökkvi Harðarson Framherji Ágúst Angantýsson Framherji

Rúnar Ingi Guðmundsson Bakvörður

Þorleifur Hallbjörn Ingólfsson Bakvörður

Hilmir Hallgrímsson Bakvörður

Hugi Hallgrímsson Framherji

Egill Fjölisson Framherji

Veturinn hjá meistaraflokki karla

Liðið spilaði 24 leiki í deildarkeppni og sigraði liðið 16 leiki og tapaði 8. Niðurstaðan var sú að liðið endaði í fjórða sæti sem gaf keppnisrétt í úrslitum 1. deildar. Liðið spilaði 3 leiki við Breiðablik sem allir töpuðust naumlega og spilar Vestri því í 1. deild aftur á næsta tímabili. Segja má að skakkaföll í lok tímabilsins hafi átt stærstan þátt í því að liðið komst ekki lengra en í undanúrslit þetta árið. Takmarkið var að komast í úrslitakeppni og það tókst. Liðið spilaði í Maltbikarnum og dróst í 32 liða úrslitum gegn Sindra frá Hornafirði þar sem Vestri sigraði örugglega. Í 16 liða úrslitum voru það margfaldir Íslandsmeistarar KR sem liðið mætti. Sá leikur tapaðist í seinni hálfleik eftir jafnan fyrri hálfleik.

Unglingaflokkur karla 2017-18

Adam Smári Ólafsson Miðherji
Rúnar Ingi Guðmundsson Bakvörður
Björn Ásgeir Ásgeirsson Bakvörður
Ingimar Aron Baldursson Bakvörður
Þorleifur Hallbjörn Ingólfsson Bakvörður
Hilmir Hallgrímsson Bakvörður
Hugi Hallgrímsson Framherji
Egill Fjölneisson Framherji
Blessed Parilla Bakvörður
Kristofer Duda Framherji

Veturinn hjá unglingaflokki karla
Nebosja Knezevic stýrðu unglingaflokki í leikjum vetrarins. En liðið æfði með meistaraflokki félagsins.

Liðið spilaði í 2. deild unglingaflokks karla og hefur þegar þetta er skrifað ekki lokið keppni. Það er sem stendur í 4 sæti Íslandsmótsins. Liðið ersamansett af leikmönnum meistaraflokks yngri en 21 árs og leikmönnum úr 9 og 10 flokki karla, en þeir spiluðu 4-5 ár upp fyrir sinn aldur og hafa staðið sig með mikilli þrýði.

Að lokum

Starfsemi félagsins er á mikilli siglingu þessi misserin og ríkir almenn bjartsýni fyrir komandi tímum. Stjórn og barna og unglingaráð eru samstíga í að treysta körfuknattleiksstarf á Vestfjörðum eftir nokkur mögur ár. Nú hillir undir að á næstu 2 árum verði aftur hægt að tefla fram meistaraflokki kvenna hjá félaginu sem er mikið gleðiefni. Aldrei hafa fleiri yngriflokkar komist í a-riðla og Vestri átti 10 leikmenn í æfingahópum yngri landsliða þetta vorið sem er mikið fagnaðarefni. Þannig að framtíðin

er björt hjá okkur. Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem komið hafa að starfinu á síðasta starfsári fyrir þeirra framlag.

Ingólfur Þorleifsson Formaður Kkd. Vestra

Skýrsla stjórnar barna- og unglingaráðs

Körfuknattleiksdeildar Vestra starfsárið 2017-2018

Barna- og unglingaráð Kkd. Vestra (BUR) veturinn 2017-2018 var skipað eftirtöldum einstaklingum: Birna Lárusdóttir, formaður, Guðfinna Hreiðarsdóttir, gjaldkeri, Heiðrún Tryggvadóttir, ritari, Guðný Alda Gísladóttir, Árni Heiðar Ívarsson, Guðlaug Sigurjónsdóttir, Arna Sæmundsdóttir, Dagný Finnbjörnsdóttir, Elísabet Margrét Jónasdóttir og Guðmundur G. Hrafnsson.

Skýrsla þessi nær að mestu yfir tímabilið júní 2017 til maí 2018.

Umfang yngri flokkanna Æft var í 10 yngri flokkum í vetur:

Krílakarfa (4-5 ára)

Krakkakarfa (stúlkur og drengir í 1.-2. bekkur)

Minnibolti yngri stúlkna (3.-4. bekkur)

Minnibolti yngri drengir (3.-4. bekkur)

Minnibolti eldri stúlkur (5.-6. bekkur)

Minnibolti eldri drengir (5.-6. bekkur)

7. flokkur stúlkna

7.-8. flokkur drengja

9.-10. flokkur stúlkna 10. flokkur drengja

Sjö flokkar tóku þátt í Íslandsmótum í vetur; Minnibolti eldri MB10 stúlkur, minnibolti eldri MB11 stúlkur og drengir, 7. flokkur stúlkna, 8. flokkur drengja, 9. flokkur stúlkna, 10. flokkur stúlkna og 10. flokkur drengja.

Í yngstu aldurshópunum var líkt og undanfarin ár lögð áhersla á tvö minniboltamót félaga. Fyrri mótið var Sambíómót Fjölnis um mánaðamótin október/nóvember og hið seinna Nettómótið í Reykjanesbæ í byrjun mars. Einnig var haldið innanfélagsmót fyrir yngsta aldurshópinn, 1.-6. bekk, Hamraborgarmótið, í febrúar og framundan er innanfélagsmótið Húsasmiðjumótið fyrir sama aldurshóp í byrjun maí.

Íþróttaskóli HSV

Líkt og fyrri ár hefur Vestri tekið þátt í starfsemi Íþróttaskóla HSV, m.a. með því að útvega þjálfara fyrir eldri börn skólans þegar körfubolti er þar á dagskrá. Brýnt er að Kkd. Vestra meti starfsemi og árangur Íþróttaskólans með tilliti til þess takmarkaða tíma sem körfuboltinn fær í skólanum. Grunnhugmyndafræði skólans er jákvæð og félagið hefur til þessa stutt starfsemi hans en skólinn þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Gæta þarf þess að hagsmunir Kkd. Vestra séu tryggðir þannig að eðlileg nýliðun geti átt sér stað hjá félaginu.

Aðstaða yngri flokkanna

Langflestar æfingar yngri flokkanna fóru fram á Torfnesi en einnig var æft á Austurvegi og í Bolungarvík þar sem deildinni er ávallt vel tekið. Bolungarvíkurkaupstaður fær sérstakar þakkir fyrir samstarfið á umliðnum árum. Æfingar hafa einnig farið fram á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri í vetur, einkum þegar framkvæmdir stóðu yfir við endurnýjun gólfsins í íþróttahúsinu á Torfnesi. Færa þurfti allar æfingar deildarinnar og annarra íþróttagreina í önnur hús í desember og hálfan janúar. Gólfið á Torfnesi er nú til fyrirmyndar.

Kkd. Vestra telur hins vegar að mikil þörf sé á því að koma upp betri félagsaðstöðu fyrir börn og unglinga í íþróttahúsinu á Torfnesi. Iðkendur koma úr öllum þéttbýliskjörnum bæjarins og Bolungarvík og þurfa oft að bíða í lengri og skemmri tíma, bæði fyrir og eftir æfingar. Það er með öllu óviðunandi að eini staðurinn þar sem þau geta beðið sé í skógeymslu hússins. Þetta þarf að bæta auk þess sem æskilegt væri að hægt væri að kaupa holl millimál í húsinu.

Íþróttaskóli Árna Heiðars er starfræktur undir merkjum Vestra og er löngu orðinn fastur liður í íþróttastarfi bæjarins. Er Árna þakkað gott samstarf á þessum vettvangi um langt árabil.

Búningar

Nýir keppnisbúningar yngri flokka í Vestralitunum voru teknir í notkun í haust og eru nú allir iðkendur félagsins í eins keppnisbúningum.

Innanfélagsstarfið

Síðastliðið sumar voru sérstakar sumaræfingar skipulagðar að afloknum Körfuboltabúðum KFÍ/Vestra 2017. Æfingar voru ætlaðar eldri iðkendum og var æft þrisvar í viku nær allt sumarið. Krökkum í 1.-4. bekk bauðst að koma á tvö sumarnámskeið, í júní og ágúst, sem hvort um sig samanstóð af klukkustundarlöngum æfingum í fimm daga.

Tveir gestir, landsliðsfólkið Martin Hermannsson og Hildur Björg Kjartansdóttir, heimsóttu deildina um mitt sumar og var heimsóknin liður í Körfuboltasumri KKÍ.

Vetrarstarfið hófst með Körfuboltadeginum í byrjun september. Þar var starfsemi yngri flokkanna og æfingataflan kynnt og brugðið á leik með leikmönnum meistaraflokks karla. Körfuboltadagurinn í upphafi vetrar er einn besti vettvangurinn til að bjóða nýja iðkendur velkomna og kynna þá fyrir starfi félagsins.

Hamraborgarmótið, minniboltamót Vestra og Hamraborgar, fór fram í febrúar en það var ætlað iðkendum í 1.-6. bekk. Mótið var hugsað sem upphitun fyrir Nettómótið.

Lítið var um viðburði innan félags fram að páskum en þá var hið árlega Páskaeggjamót Vestra og Nóa/Síríus haldið á skírdag. Í fyrra voru þátttakendur fleiri en nokkru sinni og í ár var ákveðið að breyta fyrirkomulagi mótsins og láta yngstu iðkendurnar hefja leik en hleypa svo fullorðnum að í kjölfarið. Tókst það fyrirkomulag ágætlega.

Æfingar iðkenda í Krílakörfu, Krakkakörfu og minnibolta yngri lýkur um mánaðamótin apríl maí. Húsasmiðjumótið verður haldið í byrjunmaísem einskonar lokahnykkur fyrir þau yngstu. Það er þó ætlað 1.-6. bekk. Mótið er ekki síst hugsað fyrir börn í íþróttaskóla HSV til að kynna þau betur fyrir keppnisfyrirkomulaginu í körfunni.

Uppskeruhátíð yngri flokka verður haldin 17. maí með pylsuveislu og viðurkenningum til iðkenda. Sú hefð hefur skapast að þjálfarar skrifa persónulegar umsagnir um hvern iðkanda en látið var af viðurkenningum á borð við besta leikmaðurinn og slíku fyrir allnokkrum árum.

Krílakarfan lýkur sínum æfingum með eigin uppskeruhátíð síðasta miðvikudag í apríl. Vetraræfingar eldri iðkenda halda sér fram að Vestrabúðum sem hefjast 5. júní.

Körfuboltabúðir Vestra fara fram 5.-10. júní undir stjórn Inga Þórs Steinþórssonar, þjálfara Snæfells. Eru þetta tíundu búðirnar. Undirbúningur er kominn vel á veg en uppselt varð í búðirnar í febrúar, fyrr en nokkru sinni. Þátttakendur verða yfir 150 talsins. Fjórir fulltrúar úr BUR eiga sæti í framkvæmdastjórn búðanna.

Sumaræfingar eru fyrirhugaðar fyrir iðkendur í 5. bekk og eldri og stefnt er að tveimur fimm daga sumarnámskeiðum, klukkutími í senn, fyrir börn sem eru á leið í 1.-4. bekk í haust. Þegar þetta er ritað liggja tímaúthlutanir í íþróttahúsinu á Torfnesi enn ekki fyrir og því ekki hægt að fastsetja æfingartímana.

Þjálfarahópurinn

Yngvi Páll Gunnlaugsson, yfirþjálfari, hefur nú stýrt deildinni í tvo vetur og liggur fyrir að hann heldur áfram á næsta tímabili, þriðja árið í röð. Yngvi hefur yfirumsjón með starfi yngri flokka og þjálfaði auk þess tvo yngri flokka í vetur ásamt þjálfun meistaraflokks karla. Aðrir fastir þjálfarar yngri flokka í vetur voru Birgir Örn Birgisson, Helga Salome Ingimarsdóttir, Ingimar Aron Baldursson, Gunnlaugur Gunnlaugsson, Nökkvi Harðarson, Adam Smári Ólafsson og Nebojsa Knezevic.

Aðstoðarþjálfarar voru í stærri hópum og nokkrir afleysingarþjálfarar voru til taks sem hlupu í skarðið þegar þurfti. Eiga allir þjálfarar deildarinnar miklar þakkir skilið fyrir fagmennsku, alúð og eftirfylgni í þjálfarastörfum sínum.

Foreldrasamskipti

Öll foreldrasamskipti yngri flokka Kkd. Vestra fara fram í einstökum, lokuðum Facebook hópum auk þess sem deildin er með opna síðu undir heitinu Körfuknattleiksdeild Vestra - yngri flokkar. Allt fréttatengt efni fer þar inn ásamt því að heimasíða Vestra er vel nýtt. Miðað er við að iðkendur í 8. flokki og eldri séu einnig inni á síðunum.

Sérstakur tengiliðahópur var stofnaður á facebook í haust en þar í eru allir tenglar félagsins – alls um 25 manns. Haldinn var vel heppnaður tengiliðafundur um miðjan vetur. Nokkuð betur tókst að halda utan um starf þessa hóps í vetur en mörg undangengin ár en þó þarf að gera enn betur í þessum efnum. Þörf er á frekari uppfræðslu um hlutverk tengiliða og miðla þarf betur af reynslu þeirra sem best þekkja til í skipulagi ferða og uppákoma svo að nýir foreldra þurfi ekki í sífellu að finna upp hjólið.

Í bígerð er fundur með öllum áhugasömum innan félagsins þar sem kortleggja á ný markmið og gildi félagsins. Verður hann væntanlega haldinn seinni hluta ágústmánaðar.

Samstarf við félög utan svæðis

Síðastliðna þrjá vetur hefur deildin átt í góðu samstarfi við Héraðssamband Strandamanna um leikmenn en í vetur var þó aðeins um einn leikmann að ræða sem leikur með 10. flokki drengja. Í þeim aldurshópi var ákveðið að styrkja raðirnar og fara í samstarf við Skallagrím í Borgarnesi. Þrír leikmenn Skallagríms léku með 10. flokki undir merkjum Vestra/Skallagríms. Hefur þetta samstarf tekist afar vel en þó má ljóst vera að fyrirkomulag æfinga verður með töluvert öðru og þyngra sniði þegar þarf að sameina leikmenn frá þremur mismunandi landssvæðum.

Uppbyggingarstarfið

Óveruleg fjölgun hefur verið í yngri flokkunum í vetur gera þarf betur í því að hvetja til nýliðunar á yngstu aldurstigunum. Nauðsynlegt er að huga enn betur að

Þjálfunarpættinum samhliða kynningarstarfinu en félagið þarf á mörgum öflugum þjálfurum að halda ef standa á undir fleiri yngri flokkum. Liður í því er að hvetja eldri iðkendur til að sækja þjálfaranámskeið sem í boði eru á vegum ÍSÍ og KKÍ. Ljúki þjálfari námskeiði greiðir BUR námskeiðsgjöldin. Námskeiðin veita einnig einingar í framhaldsskólum og eru þannig enn frekari hvatning. Nokkrir ungirþjálfarar hafa þegar nýtt sér þetta. Einnig er mikilvægt að styðja við bakið á þeim sem vilja sækja dómaranámskeið sem í boði eru á vegum KKÍ. Því til viðbótar er mikilvægt að hvetja elstu iðkendur okkar til að koma að þjálfun sem aðstoðarþjálfarar jafnvel þótt þeir hafi ekki öðlast aldur til að stýra eigin æfingum. Þannig læra þeir mest og koma betur undirbúnir inn í þjálfarastarfið þegar réttum aldri er náð.

Fjáraflanir og aðrar tekjur

Fjáröflun BUR hefur verið með hefðbundnu sniði í vetur. Stór þáttur í því er að reka og manna sjoppuna á Torfnesi á heimaleikjum meistaraflokks og á ýmsum upptákum á okkar vegum í húsinu, s.s. þegar umferðir í Íslandsmóti fást hingað heim. Hagnaður af sjoppurekstrinum hefur runnið beint í ferðasjóð iðkenda vegna ferða á Íslandsmót og minniboltamót og hefur okkur tekist að greiða ferðir nokkuð vel niður. Þar kemur einnig til aukið framlag úr Ferðasjóði ÍSÍ en það hefur hækkað með fleiri hópum á Íslandsmótum ásamt því að starfa nú í fjölgreinafélagi.

Haustsalan á grænmeti var á sínum stað og lukkaðist vel. Farið var í tvær kaffipakkasölur og batteríí reykskynjaraseld fyrir jólin. Þáhefur BUR ásamt aðalstjórn og meistaraflokki mannað veitingasöluþjaldið á „Aldrei fór ég suður“ hátíðinni í mörg ár auk þess sem ráðið hefur nú í sex ár staðið fyrir rekstri kaffihúss og kökubasars á skírdag í tengslum við Páskaeggjamót Vestra. Einnig má nefna að Körfuboltaþúðirnar eru ein stærsta fjáröflun sem ráðist er í innan deildarinnar á hverju ári. BUR kom einnig að hefðbundinni fjáröflun félagsins í tengslum við hátíðahöld Ísafjarðarbæjar á 17. júní en það er verkefnastyrkur til félagsins. Þá má nefna fjáraflanir sem hluti af elstu iðkendunum réðust í til að safna fyrir keppnisferðum til Svíþjóðar, annars vegar 10. flokkur drengja á Scania Cup um páska og hins vegar 9. flokkur stúlkna á Gautaborg Cup í maí. Haldið var maraþon á Þingeyri, blómasala fyrir konudaginn og fleira.

Reglulega er sótt um styrki í Íþróttasjóð og styrktarsjóði UMFÍ og hafa ýmis verkefni fengist styrkt í gegnum tíðina. Þá eru ótalin fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar sem styrkja starfsemi yngri flokkanna með ýmsum hætti. Sá stuðningur er ýmist í formi beinna peningastyrkja, vöruúttekta eða aðstoðar við ólík verkefni. Slíkur stuðningur er ómetanlegur og verður seint hægt að fullpakka.

Æfingagjöldin eru innheimt mánaðarlega af iðkendum í 5. bekk og eldri og renna þau til greiðslu þjálfaralauna. Gjöldin duga þó ekki fyrir þjálfaralaunum. Deildin verður af

umtalsverðum tekjum með því að innheimta ekki æfingagjöld í yngstu aldurshópunum en benda verður á að í samkomulagi HSV og félaganna var ákveðið að heimila æfingar fyrir íþróttaskólaaldurinn án þess þó að innheimt yrðu æfingagjöld. Slíkt fyrirkomulag gengur ekki til lengdar. BUR mun beita sér fyrir því að einhverjar breytingar verði gerðar á því fyrirkomulagi. Kríllakarfan hefur frá upphafi verið gjaldfrjáls og það er mat BUR að svo eigi að vera áfram.

Styrktaræfingar HSV

HSV styrktaræfingar eru í boði líkt og í fyrravetur og er það lofsvert framtak. Því miður virðist skorta á þátttöku okkar iðkenda þar. Þetta verður til skoðunar að hausti í samráði við HSV.

Landsliðsverkefni KKÍ

Í vetur komust tíu iðkendur yngri flokka deildarinnar í úrtakshópa yngri landsliða KKÍ. Hafa þeir aldrei verið fleiri í sögu körfuboltans á svæðinu. Tveir voru svo valdir í lokahóp U16 ára landsliðs karla fyrir sumarið 2018, ein í U15 ára kvenna og einn í U15 karla. Er þetta frábær uppskera þess uppbyggingastarfs sem einkennt hefur deildina síðustu ár.

Einstakir flokkar

10. flokkur drengja:

Þjálfari: Nebojsa Knezovic

Liðið er skipað sjö drengjum fæddir 2002 og 2003. Einn liðsmannanna er búsettur á Hólmarvík. Farið var í samstarf við Skallagrím og spiluðu þrír Skallagrímismenn með liðinu í vetur. Þegar þetta er ritað er liðið á leið í undanúrslit Íslandsmótsins og er því í hópi fjögurra sterkustu liða landsins. Liðið hefur haldið sæti sínu í A-riðli í allan vetur en liðin eru afar jöfn. Einnig komst liðið í undanúrslit í bikarkeppni KKÍ. Árgangur 2002 er bæði stór og firnasterkur á landsvísu og því er árangur liðsins eftirtektarverður. Drengirnir urðu í 5. sæti í sínum aldurshópi á Scania Cup um páskana en mótið er sterkt boðsmót félagsliða á Norðurlöndunum.

10. flokkur stúlkna:

Þjálfari: Yngvi Páll Gunnlaugsson

Hópurinn hefur flakkað á milli A og B-riðils í vetur og lýkur keppni í B-riðli eftir að hafa háð harða baráttu í A-riðli í síðustu umferð Íslandsmótsins. Hópurinn samanstendur af tiltölulega nýjum iðkendum og í sumum tilfellum byrjendum og í ljósi þess er árangur stúlkanna afar góður. Einnig komst liðið í undanúrslit í bikarkeppni KKÍ en þar töpuðu þær gegn Íslandsmeisturum Keflavíkur. Hópurinn skipa stúlkur fæddar 2002 og 2003.

9. flokkur stúlkna:

Þjálfari: Yngvi Páll Gunnlaugsson

Uppistaðan í þessum hópi er öflugur stúlkur fæddur 2003 og 2004 sem hafa æft saman hjá félaginu í fimm ár. Þetta er fjölmennur og efnilegur hópur. Þær hafa flakkað á milli A og B-riðla síðustu þrjú ár og ljúka keppni í vetur í B-riðli. Þær eru á leið á Gautaborgarmótið um miðjan maí og verður spennandi að fylgjast með gengi þeirra þar.

Stúlknaþópurinn í 9. og 10. flokki æfir saman og er stærsti æfingahópurinn innan félagsins. Sérstaka athygli vekur að í þessum stóra æfingahópi eru stúlkur frá Þingeyri, Suðureyri, Bolungarvík, Súðavík og Ísafirði. Hópurinn verður uppistaðan í stúlknafllokki deildarinnar á næsta leiktímabili en innan deildarinnar er unniðsamkvæmt þeirri stefnu að innan tveggja ára verði kominn grundvöllur fyrir meistarafllokki kvenna á nýjan leik.

8. flokkur drengja:

Þjálfari: Birgir Örn Birgisson

Hér er á ferð kröftugur hópur drengja og þótt hann sé ekki fjölmennur þá er hann harður í horn að taka. Þar sem liðið var nýtt af nálinni í haust hóf það keppni í neðsta riðli en hefur fíkrað sig upp riðlana í vetur og lýkur vetrinum í C-riðli. Sennilega hefði liðið náð upp í B-riðil í lok vetrar ef ekki hefði verið fyrir að eitt mót féll niður vegna veðurs.

7. flokkur stúlkna:

Þjálfari: Adam Smári Ólafsson

Stelpurnar í 7. flokki er ekki margar og njóta þær því stuðnings stúlkna úr minnibolta eldri. Hópurinn kom nýr í mót í haust og hóf því keppni í neðsta riðli. Þær hafa ekki komist á leiðis upp riðla í vetur en hafa öðlast góða keppnisreynslu og koma tvíefldar til leiks næsta haust. Þær eiga eitt mót til góða í Íslandsmótinu.

Minnibolti eldri drengja:

Þjálfari: Gunnlaugur Gunnlaugsson

Hér er sterkur hópur á ferð sem vaxið hefur ásmegin í vetur. Þeir hafa tekið þátt í MB11 ára Íslandsmótum í vetur auk þess sem yngri árið tók þátt í Nettómótið.

Minnibolti eldri stúlkna: Þjálfari: Nökkvi Harðarson

Þessi hópur keppti í tveimur aldurshópum í vetur, MB10 og MB11. Yngri hópurinn fór einnig á Nettómótið. Framganga beggja liða var góð og samanlagt er þetta fjölmennur og efnilegur hópur.

Minnibolti yngri drengir (3. og 4. bekkur): Þjálfari: Yngvi Páll Gunnlaugsson

Ársskýrsla 2017

Í þessum hópi er að finna marga spræka kappu sem stóðu sig afar vel á mótum í vetur, bæði á Sambíómóti og á Nettómótinu. Æft er bæði í Bolungarvík og á Ísafirði.

Minnibolti yngri stúlkur (3. og 4 bekkur): Þjálfari: *Gunnlaugur Gunnlaugsson*

Hér er skemmtilegur hópur stúlkna á ferð og tóku þær bæði þátt í Sambíómóti og Nettómóti með góðum árangri. Æft er bæði á Ísafirði og í Bolungarvík.

Krakkakarfan bæði kyn (1. og 2. bekkur): Þjálfari: *Ingimar Aron Baldursson*
Aðstoðarþjálfari: *Björn Ásgeir Ásgeirsson*

Krakkakarfan samanstendur af börnum í 1.-2. bekk, bæði stráku og stelpum. Nokkrir krakkar úr þessum hópi tóku þátt í Sambíómótinu og Nettómótinu og stóðu sig afar vel. Svigrúm er til fjölgunar í þessum aldurshópi og verður honum gefinn sérstakur gaumur á hausti komandi. Æft er bæði á Ísafirði og í Bolungarvík.

Krílakarfan:

Þjálfari: *Helga Salome Ingimarsdóttir*

Góður hópur æfði í Krílunum í vetur en æfingar fóru fram á Austurvegi á miðvikudögum. Brýnt er að halda úti þessum æfingum áfram með svipuðu sniði.

Lokaorð

Eftir vöxt undanfarinna ára hefur jafnvægi verið í starfsemi yngri flokka félagsins í vetur en ljóst er að svigrúm til aukningar er fyrir hendi ef rétt er að málum staðið. Foreldrasamstarfið fer stöðugt vaxandi og sést það best á því hve foreldrar eru áhugasamir um að fylgja börnum sínum í mót. Starf barna- og unglingaráðsins er öflugt og umfangsmikið, eins og þessi skýrsla ber með sér, og sífellt er leitað leiða til að betrubæta starf deildarinnar. Samstarfið við stjórn Kkd. Vestra er afar gott og greinilegt að við stefnum öll að sama marki. Einnig er samstarfið við aðalstjórn Vestra og HSV með ágætum. Með það veganesti í farteskinu verður haldið inn í nýtt og spennandi starfsár.

Barna- og unglingaráð Kkd. Vestra færir öllum iðkendum, þjálfurum, foreldrum og styrktaraðilum bestu þakkir fyrir farsæla samvinnu á starfsárinu sem nú er að ljúka og væntir jafnframt mikils af samstarfinu á því næsta.

Ísafirði, 29. apríl 2018

Fyrir hönd stjórnar barna- og unglingaráðs Kkd. Vestra
Birna Lárusdóttir, formaður

Blakdeild Vestra

Árið 2017 var eftirminnilegt og á árinu náðist besti árangur hjá meistaraflokkum félagsins hingað til. Fjöldi iðkenda var svipaður eða ívið meiri en árin á undan. Fjölmörg lið tóku þátt í Íslandsmótum og bikarkeppnum vítt og breitt um landið. Tihomir Paunovski var starfandi þjálfari og ríkir ánægja með störf hans og því var hann endurráðinn tímabilið 2017-2018.

Meistaraflokkarnir:

Karlalið Vestra varð deildarmeistari í 1. deild Íslandsmótsins og náði þeim árangri nokkuð örugglega. Þetta er langbesti árangur karlaliðs frá Ísafirði í blaki til þessa. Tihomir þjálfari fór fyrir liðinu, en hann var uppspilari þess og lykilleikmaður. Karlalið Vestra tók einnig þátt í bikarkeppni Blaksambandsins þetta tímabil. Árangurinn fór fram úr öllum væntingum en liðið komst alla leið í undanúrslitin sem fóru fram á „Final four“ helgi í Laugardalshöll. Á leið sinni þangað lagði Vestri m.a. að velli sterkt lið KA-ö og úrvalsdeildarlið Fylkis/Þróttar R. Í undanúrslitum mætti Vestri úrvalsdeildarliði Aftureldingar í spennandi leik. Vestramenn stóðu vel í Aftureldingu en töpuðu að lokum. Þess má geta að Afturelding varð bikarmeistari karla 2017.

Vorið 2017 þurfti að skoða hvort Vestri hefði mannskap til að spila í úrvalsdeild á næsta tímabili. Eftir að hafa skoðað málin vel og athugað með utanaðkomandi leikmenn var ákveðið að gera það ekki. Vestri missti út sterka leikmenn úr byrjunarliðinu og ekki var unnt að fá utanaðkomandi leikmenn í staðinn áður en fresturinn til að skrá lið í úrvalsdeild rann út. Talið var mikilvægast að ungir og efnilegir leikmenn Vestra fengju tækifæri til að spila í byrjunarliði í deild við hæfi.

Tihomir þjálfari meiddist lítillega og spilaði ekki með liðinu haustið 2017. Liðið var smá stund að finna taktinn, en var komið á góða braut í lok árs 2017 og stefndi í efsta hluta deildarinnar.

Kvennalið Vestra var að mestu skipað ungum leikmönnum, en í liðinu er nokkuð öflugur hópur stelpna á aldrinum 15-17 ára, ásamt eldri leikmönnum. Liðið spilaði líka í 1. deild Íslandsmótsins og endaði í 6. sæti 1. deildar og hélst því í deildinni. Kvennadeildin er mjög sterk og nokkuð jöfn.

Haustið 2017 var kvennaliðið því aftur í 1. deild og nú byggði liðið nánast alfarið á ungum leikmönnum sem eru hratt vaxandi. Liðið var um miðja deild í lok ársins 2017.

B-lið kvenna:

Í fyrsta sinn var skráð B-lið kvenna til þátttöku á Íslandsmótinu í blaki tímabilið 2017-2018. Liðið spilaði í 6. og neðstu deild Íslandsmótsins en þar er spilað í þremur túrningum. Í B-liði Vestra eru að mestu leyti eldri leikmenn sem sumir hafa spilað áður í meistaraflokkunum, en aðrir eru byrjendur í blaki. Skemmtileg stemmning var í hópnum og gengi gott á Íslandsmótinu.

Yngri flokkar:

Vor 2017

Bikarmót 2.-3. flokks í janúar 2017: Vestri sendi lið í 3. flokki pilta og stúlkna á bikarmótið í Mosfellsbæ. Bæði lið lentu í 3. sæti á mótinu sem verður að teljast mjög góður árangur.

Íslandsmót 2.-3. flokks í Neskaupstað mars/apríl 2017: Aftur tóku 3. flokks lið piltna og stúlkna þátt í mótinu. Reyndar urðu töluverð forföll í leikmannahópnum af ýmsum ástæðum. Piltarnir enduðu í 4. sæti og stúlkurnar í 5. sæti A-liða.

Íslandsmót 4.-6. flokks á Ísafirði í maí 2017: Blandað lið í 4. flokki tók þátt sem drengjalið. Þau gerðu sér lítið fyrir og urðu Íslandsmeistarar eftir mikla baráttu og stórgóða úrslitaleiki við Þrótt Nes. Tvö lið frá Vestra kepptu í deild B-liða (3. stig) í 5. flokki, en þar var keppt í blandaðri deild. Annað Vestraliðið sigraði deildina og urðu því Íslandsmeistarar B-liða. Tvö lið frá Vestra tóku líka þátt í 6. flokki, en þar er ekki spilað upp á verðlaun. Bæði lið stóðu sig vel.

Haust 2017

Íslandsmót í 2. flokki: Aldursskiptingu í 2. og 3. flokki var breytt hjá Blaksambandinu og nú eru fjórir árgangar (16-20 ára) í 2. flokki og tveir árgangar (9. og 10. bekkur) í þriðja flokki. Íslandsmótið í 2. flokki er nú spilað í fyrsta sinn heima og að heiman og á Vestri lið í bæði kvennaflokki og karlaflokki. Margir góðir leikir hafa verið spilaðir og virðist þetta fyrirkomulag mælast vel fyrir.

Íslandsmót 3.-4. flokks Húsavík, Okt 2017. Við vorum heldur fáliðuð í þessum flokkum, en sendum sameiginlegt lið með Aftureldingu til keppni í 3. flokki pilta, og blandað lið í 4. flokki kk. Nauðsynlegt var að fá undanþágur fyrir eldri leikmenn í báðum liðum. Lið Vestra lenti í 3. sæti í 4. flokki kk (af þremur liðum) og lið Vestra/Aftureldingar lenti í 3.

sæti (af fjórum liðum) hjá 3. flokki kk. Þessi lið áttu síðar um veturinn eftir að ná mjög góðum árangri og komast í úrslit bikarkeppinnar (en það var vorið 2018)

Íslandsmót 5.-6. flokks í Kópavogi, nóv 2017: Tvö lið tóku þátt í 5. flokki og spilaði annað þeirra 4. stig eða nánast hefðbundið blak, en hitt liðið spilaði 3. stig. Liðið á 4. stigi endaði í 3. sæti í sinni deild, en liðið á 3. stigi endaði í 12 sæti í sinni deild. Einnig fóru tvö 6. flokks lið á mótið, en þar er ekki keppt um verðlaun. Annað þeirra spilaði 3. stig, en hitt 2. stig.

Hugleiðingar formanns

Vel tókst til með margt á árinu 2017, og blakdeild Vestra efldist að mörgu leyti.

Haldið var Íslandsmót 3.-6. flokks í maí og tókst það einstaklega vel til. Allir hjálpuðust að en það er mikil vinna sem fylgir slíku móti. Blakarar á Ísafirði sýndu hvað í þeim býr og lögðu sig alla fram.

Blakdeild Vestra fékk meira af fjáröflunum í gegnum HSV og Ísafjarðarbæ en áður. Til viðbótar við hina hefðbundnu fjöruhreinsun var farið í ruslahreinsun á Eyrinni og kirkjugarðurinn í Hnífsdal sleginn. Ágætlega gekk að manna þessi verkefni, en peningurinn fór inn í rekstur félagsins og munaði mikið um það.

Vorið 2017 var fjárhagsstaða deildarinnar frekar þröng. Launakostnaður þjálfara var það sem mestu munaði, enda var hann mun lægri áður en fenginn var erlendum þjálfari til að þjálfa alla flokka. En það ánægjulega er að fjárhagsstaðan er mun betri nú vorið 2018.

Iðkendum er að fjölga í yngstu flokkunum og það eru gleðitíðindi, en það eru óvenju fáir iðkendur á aldrinum 12-16 ára. Vonandi mun þessi fjölgun halda áfram og skila sér upp í gegnum flokkana á næstu árum.

Umsvif deildarinnar hafa aukist á undanförunum árum og því fylgir mikil vinna þeirra sem með deildinni starfa. Það að hafa erlendan þjálfara leggur meiri vinnu á stjórnarmenn en ella hefði verið, og það þyrfti að auka ábyrgð þjálfara á ýmsum skipulagsmálum. Í daglegum rekstri er of mikil vinna á höndum of fárra og það er nauðsynlegt að breyta því ef deildin á að halda áfram að vaxa og dafna. En eins og áður hefur komið fram hefur gengið vel að fá fólk til að taka þátt í viðburðum og stærri verkefnum.

Huga þarf að þróun meistaraflokkanna á næstunni. Hvert stefnum við með þetta starf? Hversu mikinn metnað á að setja í það og í hverju á metnaðurinn að liggja? Viljum við stefna á úrvalsdeild, eða viljum við spila í neðri deildum? Hvernig á umgjörðin að vera? Viljum við að leikmenn séu með fókuszinn á blakinu og séu skuldbundnir liðinu, eða viljum við hafa þetta aðeins frjálsslegra og lausara í reipunum?

Það er í öllu falli nauðsynlegt að hafa öflugt meistaraflokksráð sem tekur þátt í að móta og skipuleggja starfið.

Mér finnst mikilvægt að halda áfram að bjóða upp á fjölbreyttar leiðir til að iðka blak. Að allir séu velkomnir, sama á hvaða aldri þeir eru eða hversu góðir. Til séu æfingar við allra hæfi.

Harpa Grímsdóttir formaður

Knattspyrnudeild Vestra

Meistaraflokksráð karla

Skýrsla stjórnar meistaraflokksráðs starfsárið 2017

Í stjórn voru:	Samúel Samúelsson	formaður
	Haþór Halldórsson	varaform.
	Ragnar Heiðar Sigtryggsson	gjaldkeri
	Júlíus Ólafsson	ritari
	Veigar Guðbjörnsson	meðstjórnandi
	Jón Hálf dán Pétursson	meðstjórnandi
	Hákon Hermannsson	meðstjórnandi

Stjórnin fundaði 4x í mánuði yfir veturinn, alla þriðjudaga. En svo fjölgaði fundum í 4-6x í mánuði yfir sumarið.

Félagið keppti í annað sinn undir merkjum Vestra í keppni á vegum KSÍ, félagið lék í 2. deild tímabilið 2017

Nóvember 2016 - Febrúar 2017:

Daniel Osafo Badu og Danimir Milkanovic ráðnir þjálfarar. Æfingar fóru fram á Ísafirði og Bolungarvík, en einnig æfði hluti af liðinu í Reykjavík í samvinnu við önnur landsbyggðarlið.

Febrúar 2017 - apríl 2017:

Liðið hóf keppni í Lengjubikarnum og vann fjóra leiki og tapaði einum leik. Einnig voru spilaðir nokkrir æfingaleikir og fór liðið ma. í æfingaferð til Spánar í aprílmánuði.

Maí 2017 – September 2017:

Liðið spilaði 22 leiki í Íslandsmóti 2.deildar, vann 8 leiki, gerði 3 jafntefli og tapaði 11 leikjum. Liðið endaði í 9.sæti 2.deildar. Liðið var einnig skráð til leiks í Borgunar-bikarinn

og var slegið út í fyrstu umferð af Álftanesi. Danimir Milkanovic var sagt upp störfum í byrjun júlí 2017. Í hans stað komu Jón Hálfván Pétursson og Pétur Georg Markan.

Október 2017 – Desember 2017:

Daniel Osafo Badu lét af störfum sem þjálfari liðsins. Í október 2017 var Bjarni Jóhannsson ráðinn þjálfari m.fl.kk Vestra. Liðið æfir að mestum hluta á Ísafirði/Bolungarvík. Einnig æfa nokkrir leikmenn á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir hönd meistaraflokksráðs
Jón Hálfván Pétursson

Barna og unglingaráð

Í stjórn sátu:

Kristján Þór Kristjánsson formaður,
Aníta Ólafsdóttir gjaldkeri,
Jenný Hólmsteinsdóttir varaformaður,
Gunnar Páll Eydal ritari
Sif Huld Albertsdóttir meðstjórnandi.

Árið 2017 var nokkuð hefðbundið ár í barna og unglingaflokkum.

Iðkendum fjölgaði lítillega á síðasta ári miðað við árið þar á undan og þá sérstalega í stelpuflokkum. Eins var metár í 8.fl síðasta sumar.

Frístundarútan gekk síðasta sumar og í allan vetur og gekk það verkefni frábærlega og hjálpar okkur mikið í að reka félagið á Ísafirði og í Bolungarvík og er félaginu lífsnauðsynleg.

Í haust urðu mikil skakkaföll í þjálfarahópnum hjá okkur þegar Jónas Sigursteinsson ákvað að taka sér frí frá þjálfun, Sigþór Snorrason flutti til Reykjavíkur, Hekla Pálmadóttir flutti til Reykjavíkur. Ákvað var að auglýsa eftir yfirþjálfara í fullu starfi. Þrjár umsóknir bárust í starfið en enginn þeirra þótti nægjanlega hæfur til starfsins. Í desember kom Jónas aftur inn í starfið og létti það mikið á félaginu.

Þórður Gunnar Hafþórsson leikmaður 3.fl spilaði sína fyrstu landsleiki á síðasta ári. Hann var svo orðinn fastamaður í mfl liði Vestra. Guðmundur Arnar Svavarsson fór á nokkrar úrtökuæfingar og ef hann heldur rétt á spöðunum gæti hann náð enn lengra.

Vert er að minnast á æfingaraðstöðu knattspyrnudeildarinnar. Á veturnar æfa flokkar inni í íþróttahúsinu á Torfnesi í annaðhvort heilum sal eða 2/3 hluta salar. Einnig fara æfingar fram í íþróttahúsinu í Bolungarvík. Þjálfarar félagsins taka sérstaklega eftir því á vetrarmótum og einnig á vorin og snemmsumars hve mikill munur er á okkar krökkum og þeim krökkum sem æfa á gervigrasi inni í húsum allt árið um kring. Munurinn byrjar sérstaklega að sjást í 6.flokki og er svo vaxandi eftir það.

Það er því það allra brýnasta að mati stjórnar yngri flokka og þjálfara að hér rísi fjölnota íþróttahús með gervigrasi. Við erum að verða á eftir knattspyrnulega séð og það mun bara aukast ef ekki er bætt úr æfingaraðstöðu. Þó vetraraðstaðan sé slæm þá er sumaraðstaðan ekkert betri. Gervigrasvöllurinn er löngu kominn til ára sinna og grasvöllurinn lúinn og gamall með ónýtu dreni.

Stjórn barna og unglingaráðs vill þakka öllum iðkendum, foreldrum, tengiliðum, þjálfurum, styrktaraðilum og öðrum velunnurum fyrir árið. Hér fyrir neðan er svo létt ágrip fyrir hvern flokk.

8.flokkur

8.fl er fyrir bæði kyn og er æft tvisvar í viku allt árið um kring á Ísafirði, einu sinni í viku í Bolungarvík á veturnar en tvisvar á sumrin. Þjálfarar um veturinn voru Erla Sigurðardóttir, Helga Þórdís og Elmar Garðarsson en um sumarið Erla Sigurðardóttir og Axel Sveinsson. 8.fl fór á Arionbankamót í Reykjavík, Íslandsbankamót í Bolungarvík og Fosshótelmót á Patreksfirði.

7.flokkur drengja

7.flokkur drengja æfði tvisvar í viku um veturinn og 4 sinnum í viku um sumarið. Þjálfari flokksins var Atli Freyr Rúnarsson. Flokkurinn fór á Cheeriosmót Víkings í maí. Um sumarið fór flokkurinn á Norðurálmótið á Akranesi, Íslandsbankamótið í Bolungarvík, Arionbankamótið í Reykjavík og Fosshótelmótið á Patreksfirði.

7.flokkur stúlkna

7.flokkur stúlkna æfði tvisvar í viku um veturinn og 4 sinnum í viku um sumarið. Þjálfari flokksins var Helga Þórdís og Thelma Rut Jóhannsdóttir. Flokkurinn fór á Síamótið í Kópavogi, Íslandsbankamótið í Bolungarvík, Þæjumótið á Siglufirði og Fosshótelmótið á Patreksfirði.

6.flokkur drengja

6.flokkur drengja æfði 2-3 í viku um veturinn og 4 sinnum í viku um sumarið. Þjálfari flokksins var Jónas Sigursteinsson. Flokkurinn fór Goðamót Þórs um veturinn og um sumarið á Orkumótið í Vestmannaeyjum, Íslandsbankamótið í Bolungarvík, Króksmótið á Sauðárkróki og Fosshótelmótið á Patreksfirði.

6.flokkur stúlkna

6.flokkur stúlkna æfði 2-3 í viku um veturinn og 4 sinnum í viku um sumarið. Þjálfari flokksins var Helga Þórdís og Thelma Rut Jóhannsdóttir. Flokkurinn fór á Síamótið í Kópavogi, Íslandsbankamótið í Bolungarvík, Pæjumótið á Siglufirði og Fosshótelmótið á Patreksfirði.

5.flokkur drengja

5.flokkur drengja æfði 3-4 í viku um veturinn og 4 sinnum yfir sumarið. Þjálfari flokksins var Jón Hálfán Pétursson. Flokkurinn fór á Goðamót Þórs um veturinn og um sumarið var hann á Íslandsmóti og á N1 mótið á Akureyri, Íslandsbankamótið í Bolungarvík og Fosshótelmótið á Patreksfirði.

5.flokkur stúlkna

5.flokkur stúlkna æfði 3-4 í viku yfir veturinn og 4 sinnum yfir sumarið. Þjálfari flokksins var Atli Freyr Rúnarsson. Flokkurinn fór á Goðamót Þórs um veturinn og um sumarið var flokkurinn á Íslandsmóti og fór á Síamótið í Kópavogi, Íslandsbankamótið í Bolungarvík og Fosshótelmótið á Patreksfirði.

4.flokkur drengja

4.flokkur drengja æfði 3-4 sinnum í viku yfir veturinn og 4 sinnum yfir sumarið. Þjálfari flokksins var Jónas Sigusteinnsson. Um veturinn tók liðið þátt í Stefnunum KA. Flokkurinn var á Íslandsmóti um sumarið.

4.-3. og 2.flokkur stúlkna

2.flokkur fór á Íslandsmót og spiluðu stelpurnar í 3.fl og 4.fl uppfyrir sig. Þjálfari flokksins var Sigþór Snorrason

3.flokkur drengja

3.flokkur drengja æfði 3-4 sinnum í viku yfir veturinn og 4 sinnum yfir sumarið. Þjálfari flokksins var Jón Hálfán Pétursson. Flokkurinn fór á Stefnunum KA um veturinn og á Íslandsmóti um sumarið.

2. flokkur drengja

2.flokkur drengja æfði með meistaraflokk yfir veturinn og æfði svo 2-3 yfir sumarið ásamt því að strákarirnir voru að æfa með meistaraflokk Vestra, meistaraflokk Harðar og 3.fl drengja. Um sumarið spiluðu stráarnir í mfl. Vestra og mfl.Harðar.

Kristján Þór Kristjánsson
Formaður barna og unglingaráðs knattspyrnudeildar Vestr

Skíðafélag Ísfirðinga

Í stjórn voru :

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir	Formaður
Sigríður Laufey Sigurðardóttir	gjaldkeri
Ásgerður Þorleifsdóttir	Meðstjórnandi
Jóhann Bæring Pálmason	Meðstjórnandi
Kristján Ásgeirsson	Meðstjórnandi

Aðalfundur Skíðafélags Ísfirðinga var haldinn 25. maí 2016 þar sem kosin var ný stjórn. Hólmfríður Vala Svavarsdóttir tók við sem formaður af Jóhönnu Oddsdóttur sem sinnt hafði starfinu undanfarin ár. Auk Hólmfríðar bættust í stjórnina þau Ásgerður Þorleifsdóttir og Jóhann Bæring Pálmason, en áfram sátu Kristján Ásgeirsson og Sigríður Laufey Sigurðardóttir.

Fundir

Fyrsti fundur hjá nýrri stjórn var haldinn 5. júlí og svo aftur þegar fór að hausta. Eftir það var fundarð nokkuð reglulega í vetur, eða að jafnaði einu sinni í mánuði.

Hólmfríður Vala var tengiliður við göngunefnd og Jóhann Bæring tengiliður við alpanefnd.

Þjálfarar SFÍ:

Skíðaganga

Steven Gromatka sá um þjálfun hjá 10-11 ára og honum til aðstoðar var Guðmundur Sigurvin Bjarnason. Steven sá einnig um þjálfun hjá 12+ og var einn með þá krakka

Hekla Guðmundsdóttir hafði umsjón með HSV skólanum og henni til aðstoðar voru Katrín Ósk Einarsdóttir og Auður Líf og Arndís sem skiptu með sér einni stöðu.

Alpagreinar

Daði Már Jónsson sá um æfingar hjá 12+ og Esther Ósk Arnórsdóttir var með umsjón með HSV skólanum og fékk aðstoð frá Sigríði Láru Gunnlaugsdóttur, Þórunni Pálsdóttur, Stefáni Hafsteinssyni og Frey Björnssyni. Að auki sá Esther um þjálfun hjá 10-11 ára

Æfingar hófust um miðjan september hjá 10-11 ára. Daði og Steven vorum með æfingar inni og skiptust á að sjá um þær.

Steven hélt áfram með æfingar hjá 12+ sem höfðu verið reglulegar allt sumarið og Daði byrjaði með æfingar hjá alpakrökkunum í september. HSV skólinn byrjaði í janúar bæði á Dölunum tveimur

Snjóalög

Skíðagöngusvæðið var opnað í lok nóvember og var opnun slitrót út desember en hélst nokkuð stöðug eftir það. Opið var alla daga vikunnar nema mánudag.

Það gekk ekki eins vel að opna alpasvæðið. Það var mikil rigning og bleyta sem gerði snjósöfnun erfiða. Við náðum nokkrum skíðadögum í janúar en svo fór að halla undan fæti og var ekki mikið um opnanir fram undir páska. En nokkrir vaskir menn komu snjóbyssunni í gang sem hjálpaði mikið til og svo voru teknir nokkrir skíðadagar á Gullhól þar sem snjóbíllinn dró krakkana upp.

Við vorum ekki eina skíðasvæðið sem lenti í snjóleysi. Veturinn var sérstakleg erfiður hvað þetta varðar og var mótahaldi víða frestað eða aflýst vegna snjóleysis og fóru krakkarnir því á færri mót en ætlað var.

Undirbúningur fyrir Unglingameistarmót Íslands var settur á full strax á hautsdögum 2016 en þegar þrjár vikur voru í mót tókum við þá ákvörðun að gefa frá okkur mótið vegna snjóleysis á Tungudal.

Mótamál:

Þar sem við ætluðum að halda UMI þá fengum við engin bikarmót og því voru ekki haldin nein mót á vegum SKÍ þennan veturinn þar sem við gáfum UMÍ frá okkur.

Innanfélagsmót í alpagreinum féllu niður vegna snjóleysis en nokkur voru haldin í skíðagöngu og heppnuðust vel.

Fjármál og fjárfestingar:

Framkvæmdir á Seljalandsdal halda áfram samkvæmt uppbyggingarsamningi við Ísafjarðarbæ. Klárað var að breikka aðkomu að skíðasvæði en ekki náðist að klára þá framkvæmd áður en fyrsti snjór kom auk annars viðhalds og endurnýjun á snjógirðinum.

Á Tungudal var einnig unnið samkvæmt uppbyggingarsamningi sem skrifað var undir í haust.

Settir voru hlerar yfir skurði, sáð var í opin sár og settar upp nýjar girðingar og þær gömlu endurnýjaðar

Þessi vinna er unnin að allmestu leyti í sjálfböðavinnu

Endurnýjaður var styrkarsamningur við helstu bakhjarla Skíðafélagsins; Íslandsbanka, Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. og Borgun. Einnig er verkefnasamningur HSV og Ísafjarðarbæjar góður fjárstuðningur.

Afreksmenn:

Í skíðagöngu eigum við nú fjögur unnmenni í afrekshóp SKÍ. Albert Jónsson er í A-liði og Dagur Benediktsson, Sigurður Arnar Hannesson og Anna María Daníelsdóttir í B-liði. Þau taka þátt í verkefnum á vegum SKÍ hér heima og erlendis. Þau hafa staðið sig með miklum sóma á mótum í vetur og eru góðar fyrirmyndir fyrir aðra iðkendur.

Skíðaping

Farið var á skíðaping sem haldið var í Reykjavík um miðjan maí, þar áttum við fimm fulltrúa. Lesa má um skíðaping og helstu breytingar sem samþykktar voru þar á SKÍ.is Skíðaping verður aftur eftir tvö ár en í haust verður formannafundur.

Fossavatnsgangan

Fossavatnsgangan var haldin í lok apríl í blíðskapar veðri en meira má lesa um það í skýrslu göngunnar. Gangan er stór partur af starfi félagsins og færir okkur miklar tekjur á hverju ári sem léttu róðurinn verulega. Á liðnu ári voru keypt númer fyrir félagið og borvélar, brautir merktar, hús sett upp á Botnsheiði og ýmis önnur vinna unnin. Félagsmenn eru duglegir að leggja göngunni lið og er hún að stórum hluta unnin í sjálfboðavinnu.

Á Skíðapingi 2017 var samþykkt að Unglingameistarmót Íslands yrði á Ísafirði 2018 og Skíðamót Íslands 2019

Ísafirði 06/06/2017
Hólmfríður Vala Svavarsdóttir

Fossavatnsgangan

Stjórn

Í stjórn Fossavatnsgöngunnar voru, Daníel Jakobsson, formaður. Birna Jónasdóttir, Kristbjörn R. Sigurjónsson, Heimir Hansson og Steinþór B. Kristjánsson. Þröstur Jóhannesson brautarstjóri sat einnig fundi stjórnar.

Kristbjörn hefur séð um daglega umsjón félagsins og er titlaður ólaunaður framkvæmdastjóri göngunnar. Martha Örnólfssdóttir kom inn sem starfsmaður göngunnar síðasta mánuðinn í fyrra. Það gaf mjög góða raun og verður vonandi framhald á því.

Stjórn hélt 17. bókaða fundi. Lítið er fundað frá lokafundi í maí fram að áramótum. En eftir það er fundað reglulega.

Fjöldi þátttakenda

Heildar fjöldi skráðra þátttakenda var 1049. Flestir eða 512 luku 50 km. göngunni. 845 manns luku keppni. 465 útlenskir keppendur tóku þátt, frá 26 þjóðum.

Name of the event	Date	Actual distance & technique	Number of skiers registered	Number of skiers completed	Number of foreign skiers	Number of nations
Fossavatn skate	27-Apr	25 km/F	66	55	39	14
Family Fossavatn	27-Apr	1 km /CI	20	20	5	3
Family Fossavatn	27-Apr	5 km /CL	34		3	4
Fossavatnsgangan	29-Apr	12,5km /CL	84	73	33	11
Fossavatnsgangan	29-Apr	25km/CL	206	185	94	17
Fossavatnsgangan	29-Apr	50km/CL	639	512	291	24
TOTAL			1049	845	465	73

Í 50 km göngunni voru flestir keppendur frá Íslandi eða 311. 80 voru frá Noregi og 60 frá Bandaríkjunum.

Sigurvegarar í 50 km göngunni voru Britta Johansson frá Svíþjóð og Petter Jr. Northug frá Noregi.

Rekstur.

Ánægjulegt er að sjá að gangan velti nú yfir 30 milljónum. Niðurstaða rekstrarreiknings er rúmar 2 m.kr í hagnað. Til viðbótar hefur gangan fjárfest fyrir 1,8 m.kr., (viðhald) styrkt SFÍ um 1,8 m.kr. og keypt þjónustu af félögum í bænum s.s. björgunarsveitinni, kvennakórnum og fleiri fyrir hátt í eina milljón króna. Mótsgjöld til Skíðasambands Íslands eru 300.000 kr. Samtals renna því um 7,9 m.kr. til þeirra sem vinna að göngunni og til uppbyggingar íþróttarinnar.

Félagið skilar einnig miklu til fyrirtækja í bænum. Samkvæmt ársreikning hefur félagið keypt vörur og þjónustu af fyrirtækjum í bænum fyrir rúmlega 15.000.000 kr.

Fjárfestingar

Á árinu var margt gert. Fyrst og fremst hafa fjárfestingar miðað að því að auka öryggi keppenda og bæta aðstöðu fyrir starfsfólk. Gangan fékk styrk að upphæð 7 m.kr. til að merkja 50 km brautina. Hún var merkt í fyrra með 2-3 metra háum staurum með rauðum kross á. Verkið var að mestu unnið af Barða Öfundarsyni sem rak niður 700 staura í brautinni. Merking þessi eykur öryggi keppenda, en gerir einnig troðslu auðveldari þar sem að leiðin liggur nú ekki yfir stóra steina sem geta skemmt troðarana. Þá þarf heldur ekki að merkja brautina ár hvert áður en troðsla hefst

Samið var við Trésmíðadeild Menntaskólann á Ísafirði um að byggja hús til að setja niður á drykkjarstöðina á Búrfelli. Lokið var við þá framkvæmd rétt fyrir síðustu göngu og því komið fyrir varanlega á drykkjarstöðinni við Búrfell. Hallvarður Aspelund og Tækniþjónusta Vestfjarða teiknuðu húsið og gáfu þá vinnu. Eiga þeir þakkir skildar. Samið hefur verið um byggingu á öðru húsi sem afhent verður vorið 2019 og staðsett verður við Nónvatn fáist leyfi til þess. Einnig fengum við að gjöf (eða borguðum lítið fyrir) eldhússkúr frá Vegagerðinni. Smávægilegar lagfæringar hafa verið gerðar á honum en gert er ráð fyrir að laga hann enn frekar.

Félagið lét smíða girðingar, 40 stk. 4 metra langar. Þær eru nýttar á marksvæðinu og víðar en á þær er hægt að setja auglýsingaborða. Mikill kostnaður hefur verið lagður í merkingar og auglýsingar sem félagið á nú og getur notað næstu ár. Félagið keypti einnig 5 talstöðvar og 4 borvélar sem afhentar voru Skíðafélaginu.

Félagið hefur einnig séð um samskipti vegna uppbyggingarsamnings Skíðafélagsins við Ísafjarðarbæ. Bærinn leggur fram 3.000.000 kr á ári gegn sjálfboðavinnu félagsmanna SFÍ. Í fyrra var bílastæði stækkað, haldið áfram að setja rör í Buná við marksvæði og slétta marksvæði. Algjör bylting er að hafa stærra marksvæði og sléttara.

Styrktarsamningar.

Flest allir styrktarsamningar félagsins voru endurnýjaðir á síðast liðnu ári. Orkubú Vestfjarða og Íslandsbanki eru nú aðalstyrktaraðilar. Styrktaraðilar eru, Craftsport, Flugfélag Íslands, Hertz, Hótel Ísafjörður, Kubbur, Orkan og Wild Westfjords. Samtals greiða þessir aðilar 3,2 m.kr. á ári í peningum til göngunnar. Samskip flutti svo hljóðkerfið fyrir okkur. Styrkur Orkunnar var látinn renna áfram til Ísafjarðarbæjar til að knýja troðara bæjarins.

World loppet

Fossavatnsgangan er meðlimur í Worldloppet samtökunum. Það eru samtök 20 almenningsganga í jafnmörgum löndum. Árlega er haldin ársfundur og var hann þetta árið í Changchun í Kína í Júní. Daníel og Kristbjörn sóttu fundinn fyrir hönd göngunnar. Þessir fundir eru mikilvægir en langflestir erlendir þátttakendur koma vegna þátttöku okkar í Worldloppet. Fundirnir eru einnig gagnlegir en þar er skipst á reynslusögum og nú hefur verið lögð aukin áhersla á sameiginlegt markaðsstarf. M.a. gera göngurnar nú 20 sjö mínútna langa myndbandsþætti sem gefnir eru út á netinu. Fossavatnsgangan fær þar umfjöllun/innslag í 3 þáttum.

Reglur

Reglur göngunnar voru uppfærðar og eru nú ítarlegar og þarf keppandi að staðfesta þá þegar hann skráir sig. Þar er t.d. kveðið á um hvernig endurgreiðslum sé háttað ef gangan fer ekki fram, hvernig fara má með myndefni úr göngunni og svo sérstakar

keppnisreglur göngunnar. Stefan Gunther þýddi þær yfir á þýsku og Heimir Hansson þýddi þær á ensku.

Styrkir

Stjórn hefur viljað eiga sem samsvarar helming skráningargjalda göngunnar í varasjóði til að mæta áföllum í rekstri. Afganginn hefur stjórn reynt að leggja til SFÍ. Á þessu ári rann 1,8 m.kr. til SFÍ í formi greiðslu fyrir vinnu og ágóðahlut.

Greiðslur til félaga

Félagið hefur keypt þjónustu af Björgunarsveitunum á Ísafirði og Hnífsdal. Einnig hefur Kvennakór Ísafjarðarbæjar aðstoðað við að manna afhendingu númera. Það hefur gefið góða raun og þökkum við þeim kærlega fyrir aðstoðina.

Súputeiti

Einn af stærstu kostnaðarliðum göngunnar er súputeiti að kvöldi keppnisdags á laugardeginum. Við höfum viljað leggja mikinn metnað í þennan viðburð. Súputeitið er unnið í samstarfi við Hótel Ísafjörð hf. Hagnaði af kvöldinu er skipt jafnt á milli göngunnar og Hótelsins en til viðbótar fá allir starfmenn og göngunnar frítt inn samtals um 70 manns en miðinn er seldur á 5.500 kr. Leiga á hljóðkerfi og ljósum kostar um 1,5 m.kr. og kostnaður við hljómsveit og ýmislegt annað er um 500.000 kr.

Kökuhlaðborð

Kökuhlaðborðið var á sínum stað. Það stækkar með hverju ári og er mikilvægur viðburður í göngunni. Jóhanna Oddsdóttir hélt utan um það í ár og voru veitingarnar góðar að vanda. Margir bæjarbúar leggja hönd á plóg við bakstur en SFÍ fær 400.000 kr. fyrir baksturinn.

Samþykktir göngunnar.

Á síðasta aðalfundi göngunnar var kosin nefnd til að fara yfir samþykktir göngunnar. Á þessum fundi mun hún skila af sér drögum að breytingum sem verða rædd og vonandi samþykkt á næsta fundi. Mikilvægt er að sátt sé um þessar samþykktir og að vandað sér til verks. Því er gott að gefa þessu góðan tíma til umræðu og skoðunar.

Tímataka

Tímatakan var að vanda í höndum Birgis Þórs Halldórssonar. Það er frábært að eiga Birgi að, hann er ómetanlegur. Það að einn maður skuli meira og minna sjá um alla tímatöku er í raun ótrúlegt.

Á hverju ári verður tímatakan flottari. Hún er nú í beinni á netinu en næstu skref eru að gera úrslitin aðgengilegri á heimasíðu göngunnar í rauntíma á hverri drykkjarstöð. Tímataka er dýr og leigja þarf búnað fyrir hvern keppenda. Tímatakan kostar um rúma hálfa milljón. Þar er fyrst og fremst leiga á tækjum.

Rútur

Akstur er ekki leyfður á mótsstað á keppnisdegi. Koma þarf öllum keppendum upp á dal á tiltölulega skömmum tíma sem gerir það að verkum að margar rútur þarf. Rúturnar eru einn stærsti kostnaðarliðurinn og kosta hátt í 1,5 m.kr. Vestfirskar ævintýraferðir sjá um aksturinn og gera það mjög vel.

Wordloppet móttaka.

Að venju var haldin móttaka fyrir handhafa Worldloppet passa. Móttakan er í Safnahúsinu eftir keppni á fimmtudeginum. Þetta er skemmtilegur viðburður, boðið er upp á léttu drykki og smárétti.

Þakkir

Gangan á allt sitt undir öflugum sjálfbóðaliðastarfi skíðamanna í Ísafjarðarbæ en einnig bæjarbúum öllum, félögum og fyrirtækjum í bænum. Þar hafa margir lagt hönd á plóginn, enginn nefndur og enginn gleymdur.

Guðmundur Ágústsson féll frá.

Einn af máttarstólpum göngunnar í gegn um árin, Guðmundur Ágústsson lést 10. maí 2017. Guðmundur var fæddur 24. september 1942. Hann starfaði um áratuga skeið að íþróttamálum á Ísafirði og sérstaklega að skíðamálum og uppbyggingu á Seljalandsdal. Þá átti hann stóran þátt í því að Fossavatnsgangan var haldin um áratugabil. Við minnumst Guðmundar með hlýhug og þakklæti.

Ísafirði janúar 2018

F.h. stjórnar Fossavatnsgöngunnar

Daníel Jakobsson, formaður

Héraðssamband Vestfirðinga

Ársreikningur 2017

Héraðssamband Vestfirðinga
400 Ísafjörður

kt. 490500-3160

Undirritun stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri Héraðssambands Vestfirðinga staðfesta hér með ársreikning 2017 með undirritun sinni.

Ísafirði, 30. apríl 2018

Í stjórn

Guðný Stefánía Stefánsdóttir
Páll Jónas Ráðsson
Elísa Stefánsdóttir
KACI K. ÁSKELSSON
Tósi Þjóni Guðrason
Heimir G. Hansson

Framkvæmdastjóri

Sigr. Lía Gunnvold.

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Til stjórnar Héraðssambands Vestfirðinga.

Við höfum skoðað ársreikning Héraðssambands Vestfirðinga vegna ársins 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma undirritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Ársreikningurinn er í samræmi við settar reikningsskilareglur og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Ísafirði, 30. apríl 2018

Bjartur Bjarnason

Guðni E. Gagnsson

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir	(1)	26.026.177	27.147.635
Aðrar tekjur	(2)	99.000	1.208.640
Framlag Ísafj. bæjar til Afreksmannasjóðs HSV		1.527.171	1.500.000
Styrkir og þátttökugj. landsmóts UMFÍ 50+		0	6.629.900
Framl. Ísafj. bæjar til verkefnasamnings		7.500.000	7.500.000
Notuð (ónotuð) framlög Verkefnasjóðs um áramót		(50.000)	(30.000)
Framl. Ísafj. bæjar til þjálfarastyrkjasjóðs		565.053	555.000
Íþróttaskóli, framlög, þátttökugjöld og styrkir	(3)	11.357.788	10.228.500
		<u>47.025.189</u>	<u>54.739.675</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	(4)	12.676.754	11.185.841
Framlög til aðildarfélaganna	(5)	9.734.386	9.021.034
Framlög vegna verkefnasamnings		7.450.000	7.470.000
Framlög úr Afreksmannasjóði HSV		1.130.000	2.145.000
Framlög úr þjálfarastyrkjasjóði		334.727	0
Íþróttaskóli, laun og þjálfarakostnaður	(6)	3.089.995	4.273.910
Kostnaður við landsmót UMFÍ 50+		0	4.571.599
Námskeiðskostnaður	(7)	202.500	45.000
Styrktaræfingar	(7)	755.280	768.000
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	(8)	2.375.764	2.664.410
Íbúðaaafnot aðildarfélaganna	(9)	9.054.751	11.037.512
		<u>46.804.157</u>	<u>53.182.306</u>
Tekjur umfram gjöld fyrir fjárm.liði		221.032	1.557.369
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		374.732	601.574
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(195.913)	(197.321)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals		<u>178.819</u>	<u>404.253</u>
Tekjur umfram gjöld		<u><u>399.851</u></u>	<u><u>1.961.622</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir			
	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Innréttingar og skrifstofubúnaður		408.823	408.823
		<u>408.823</u>	<u>408.823</u>
Fastafjármunir		<u>408.823</u>	<u>408.823</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur (10)		2.674.638	2.840.550
		<u>2.674.638</u>	<u>2.840.550</u>
Handbært fé			
Innstæður á bankareikningum		14.011.380	10.443.927
Innstæða á bankareikningi Afreksmannasjóðs		6.477.142	7.439.317
		<u>20.488.522</u>	<u>17.883.244</u>
Veltufjármunir		<u>23.163.160</u>	<u>20.723.794</u>
Eignir		<u>23.571.983</u>	<u>21.132.617</u>

31. desember 2017

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Eigið fé			
Eigið fé HSV:			
Óráðstafað eigið fé HSV 01.01		3.460.811	1.854.978
Afkoma ársins af rekstri HSV		(944.079)	1.605.833
		<u>2.516.732</u>	<u>3.460.811</u>
Eigið fé Afreksmannasjóðs:			
Óráðstafað eigið fé Afreksmannasjóðs 01.01.		7.039.565	6.683.776
Tekjur Afreksmannasjóðs umfram gjöld		1.343.930	355.789
		<u>8.383.495</u>	<u>7.039.565</u>
Eigið fé alls		<u>10.900.227</u>	<u>10.500.376</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur kostnaður		974.750	1.598.515
Skuldir við aðildarfélög..... (9)		10.178.192	7.697.782
Aðrar skammtímaskuldir.....		506.655	373.785
Ónotað framlag Verkefnasamnings		1.012.159	962.159
		<u>12.671.756</u>	<u>10.632.241</u>
Skuldir		<u>12.671.756</u>	<u>10.632.241</u>
Eigið fé og skuldir		<u>23.571.983</u>	<u>21.132.617</u>

Sundurliðanir

	2017	2016
1. Framlög og styrkir		
Framlag frá Ísafjarðarbæ, rekstrarframlag	7.941.288	7.800.000
Framlag frá Ísafjarðarbæ vegna íbúða	9.054.751	11.037.512
Hagnaðarhlutdeild H.S.V. í Lottói ÍSÍ	2.793.350	2.775.853
Hagnaðarhlutdeild H.S.V. í Lottói UMFÍ	5.095.986	4.426.629
Hagnaðarhlutdeild H.S.V. í getraunum	133.984	38.800
Útbreiðslustyrkur Í.S.Í.	402.468	391.441
Skattar aðildarfélaga	604.350	677.400
	<u>26.026.177</u>	<u>27.147.635</u>
10% lottótekna renna til Afreksmannasjóðs	788.934	720.248
Reiknað framl. Ísafj. bæjar sem afnot af íþróttamannv.	69.053.199	77.069.883
2. Aðrar tekjur		
UMFÍ, Isavia o.fl.	99.000	1.208.640
	<u>99.000</u>	<u>1.208.640</u>
3. Íþróttaskóli, framlög, þátttökugjöld og styrkir		
Framlag frá Ísafjarðarbæ	7.941.288	7.800.000
Þátttökugjöld	3.216.500	2.428.500
Styrkir	200.000	0
	<u>11.357.788</u>	<u>10.228.500</u>
4. Laun og launatengd gjöld		
Laun	10.536.248	9.401.657
Launatengd gjöld	2.140.506	1.784.184
	<u>12.676.754</u>	<u>11.185.841</u>
5. Framlög til aðildarfélaga		
Golfklúbburinn Gláma	0	138.104
Golfklúbbur Ísafjarðar	425.840	492.582
Grettir	253.361	263.963
Hestamannafélagið Hending	128.254	115.507
Hestamannafélagið Stormur	375.286	386.607
Höfrungur	479.897	533.687
Íþróttafélagið Ívar	88.957	98.303
Íþróttafélagið Vestri	4.221.841	4.100.616
Kubbi, íþróttafélag eldri borgara	190.661	176.346
Ksf. Hörður	1.374.213	532.313
Skíðafélag Ísafjarðar	615.786	938.310
Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar	649.276	387.653
Stefnir	369.665	438.090
Sæfari	300.345	308.525
Tennis - og badmintonfélag Ísafjarðar	0	22.882
Ungmennafélagið Geisli	261.004	64.664
Víkingur, kraftlyftingafélag	0	22.882
	<u>9.734.386</u>	<u>9.021.034</u>

Sundurliðanir

6. Íþróttaskóli, laun og þjálfarakostnaður

Þjálfarakostnaður	2.990.400	3.850.701
Búnaður	99.595	244.459
Afskriftir	0	178.750
	<u>3.089.995</u>	<u>4.273.910</u>

7. Annar íþróttakostnaður

Námskeið	202.500	45.000
Styrktaræfingar barna og unglinga	755.280	768.000
	<u>957.780</u>	<u>813.000</u>

8. Skrifstofu og stjórnunarkostnaður

Ritföng , pappír, prentun, skrifstofuáhöld	63.724	50.979
Sími og burðargjöld	168.000	168.000
Kerfisleiga	168.372	168.372
Rekstur upplýsingakerfis og heimasíða	168.860	196.162
Ferða- og viðskiptakostnaður	457.889	130.777
Þinghald og fundakostnaður	241.047	325.564
Bókhald, greiðsluumsjón og reikningsskil	552.730	651.961
Húsaleiga og annar húsnæðiskostnaður	497.652	693.565
Annar kostnaður	57.490	279.030
	<u>2.375.764</u>	<u>2.664.410</u>

9. Íbúðaaafnot aðildarfélag

Útlagður kostnaður við íbúðir endurgr. af aðildarfél.:		
Greitt af Ksf. Herði	458.987	519.519
Greitt af Skíðafélagi Ísafjarðar	760.246	723.337
Greitt af Íþróttafélaginu Vestra	2.617.899	1.822.177
Greitt af Golfklúbbi Ísafjarðar	0	85.847
	<u>3.837.132</u>	<u>3.150.880</u>

Sundurliðanir

10. Viðskiptamenn

Ísafjarðarbær	1.948.548	1.925.000
Íþrótt- og ólympíusamband Íslands	314.924	438.139
Golfklúbburinn Gláma	(345.927)	(348.917)
Golfklúbbur Ísafjarðar	(402.256)	(381.545)
Íþróttfélagið Grettir	(707.488)	(494.612)
Hestamannafélagið Hending	(466.592)	(454.746)
Hestamannafélagið Stormur	(699.996)	(364.866)
Íþróttfélagið Höfrungur	(1.288.362)	(840.797)
Íþróttfélagið Ívar	(310.882)	(187.363)
Íþróttfélagið Vestri	(2.126.873)	(2.417.838)
Kraftlyftingarfélagið Víkingur	(20.923)	(23.913)
Ksf. Hörður	(859.702)	(100.554)
Kubbi, íþróttfélag eldri borgara	(339.375)	(167.496)
Skiðafélag Ísafjarðar	(393.237)	(709.534)
Skotíþróttfélag Ísafjarðar	(1.037.844)	(355.413)
Íþróttfélagið Stefnir	(341.238)	(412.151)
Sæfari	(494.909)	(282.380)
Tennis - og badmintonfélag Ísafjarðar	(112.603)	(115.593)
Ungmennafélagið Geisli	(229.985)	(37.074)
Ungmennafélag Íslands UMFÍ	411.166	466.921
Ýmsir vegna Íþróttaskóla	0	7.500
	<u>(7.503.554)</u>	<u>(4.857.232)</u>
Skuldir	(10.178.192)	(7.697.782)
Inneignir	2.674.638	2.840.550
	<u>(7.503.554)</u>	<u>(4.857.232)</u>

Rekstrarreikningur ársins 2017

Rekstrarskipting

Rekstrartekjur	Skýr.	2017 Samtals	HSV	Afreksmanna- sjóður	Íþróttaskóli
Framlög og styrkir	(1)	26.026.177	25.237.243	788.934	
Aðrar tekjur og framlög	(2)	99.000	99.000		
Framlag Ísafj. bæjar til Afreksmannasjóðs HSV		1.527.171	0	1.527.171	
Framl. Ísafj. bæjar til verkefnasamnings		7.500.000	7.500.000		
Notuð (ónotuð) framlög Verkefnasjóðs um áramót		(50.000)	(50.000)		
Framl. Ísafj. bæjar til hjálfarastyrkjasjóðs		565.053	565.053		
Íþróttaskóli, þátttökugjöld og styrkir	(3)	11.357.788	0		11.357.788
		<u>47.025.189</u>	<u>33.351.296</u>	<u>2.316.105</u>	<u>11.357.788</u>
Rekstrargjöld					
Laun og tengd gjöld	(4)	12.676.754	5.312.067		7.364.687
Framlög til aðildarféлага	(5)	9.734.386	9.734.386		
Framlög vegna verkefnasamnings		7.450.000	7.450.000		
Framlög úr Afreksmannasjóði HSV		1.130.000	0	1.130.000	
Framlög úr hjálfarastyrkjasjóði		334.727	334.727		
Íþróttaskóli, laun, hjálfarakostnaður o.fl.	(6)	3.089.995	0		3.089.995
Annar íþróttakostnaður	(7)	957.780	957.780		
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	(8)	2.375.764	2.375.764		
Íbúðaaafnot aðildarféлага	(9)	9.054.751	9.054.751		
		<u>46.804.157</u>	<u>35.219.475</u>	<u>1.130.000</u>	<u>10.454.682</u>
Rekstrarútkoma fyrir fjármagnsliði		221.032	(1.868.179)	1.186.105	903.106
Tekjur umfram gjöld fyrir fjárm.liði					
Vaxtatekjur		374.732	177.451	197.281	
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(195.913)	(156.457)	(39.456)	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals		<u>178.819</u>	<u>20.994</u>	<u>157.825</u>	<u>0</u>
Tekjur umfram gjöld/(Gjöld umfram tekjur)		<u><u>399.851</u></u>	<u><u>(1.847.185)</u></u>	<u><u>1.343.930</u></u>	<u><u>903.106</u></u>